

# FJÁRMÁLATÍÐINDI

TÍMARIT UM EFNAHAGSMÁL  
GEFIÐ ÚT AF HAGFRÆÐIDEILD  
LANDSBANKA ÍSLANDS  
RITSTJÓRI: JÓHANNES NORDAL

OKTÓBER – DESEMBER 1955

Um áramót .....	179
Orkulind framtíðarinnar eftir Magnús Magnússon .....	183
Undirstöður framfaranna eftir Per Jacobsson .....	195
Úr ríkisreikningum .....	201
Inngangur .....	201
Lög um tekjuöflun .....	201
Afkoma ríkissjóðs .....	203
Skuldir og ábyrgðir .....	204
Fréttapættir .....	206
Utanríkisviðskipti og gjaldeyris- staða .....	206
Útgerð og aflabrogð .....	207
Landbúnaður .....	208
Bátagjaldeyrir .....	208
Bifreiðainnflutningur .....	209
Ríkisfjármálin .....	209
Íbúðalán og vísitölubréf .....	209
Vísitala byggingarkostnaðar .....	210
Mannfjöldi á Íslandi .....	210
Viðskiptasamningar .....	211
Gengi .....	212
Peningamarkaðurinn .....	212
Töflur um seðlaveltu, aðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, endurkeypta víxla, Mótvirðis- sjóð, heildarútlán bankanna, spariinnlán og veltiinnlán í bönkunum .....	213—216
Töflur .....	217
Inn- og útflutningur eftir mán- uðum .....	217
Útflutningur helztu vöruflokka ..	217
Viðskipti við einstök lönd í milljón- um króna .....	218
Viðskipti við einstök lönd í hlut- fallstólum (%) .....	219
Fiskafli, sundurliðaður á togara og báta mánaðarlega .....	220
Fiskafli, skipt á fisktegundir ....	220
Hagnýting fiskaflans .....	221
Framleiðsla og sala mjólkurafurða	221
Vísitala framfærslukostnaðar ...	222
Kaupgjaldsvísitala .....	222
Vísitala byggingarkostnaðar ....	222
Húsaleiguvísitala .....	222
Innlán og útlán sparisjóða, Söfn- unarsjóðs og innlánsdeilda kaupfélaga .....	222
Efnahagsreikningar seðlabankans	223
Efnahagsreikningar viðskipta- bankanna .....	224

FJÁRMÁLATÍÐINDI eru gefin út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, og koma þau út fjórum sinnum á ári. Söluumboð og afgreiðslu áskrifta hefur Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

\*

Áskriftarverð er 25 kr. á ári, en í bókaverzlunum kostar hvert hefti 10 krónur.

\*

Þeir, sem þess óska, geta fengið ritið óskorið.

## Um áramót

Í þessari grein er dregið á helztu efnahagsvandamál, sem úrlausnar biða nú um áramótin. Einkum er rætt um hina miklu fjárfestingu og vandamál í sambandi við samninga um rekstrargrundvöll útvegsins.

### I.

Árið 1955, sem nú er senn á enda, hefur vafalaust verið eitt mesta velti-ár í sögu íslensku þjóðarinnar. Hér verður ekki reynt að rekja einstaka þætti efnahagsþróunarinnar eða gera samanburð við fyrri ár, þar eð til þess vantar enn upplýsingar um margt, sem miklu máli skiptir. Annars staðar í þessu og fyrri heftum þessa árgangs Fjármálatíðinda er að finna helztu tölu-legal upplýsingar, sem þegar liggja fyrir. Er mönnum vísað til þeirra, en hér verður aðeins getið nokkurra höfuð-atriða.

Þrátt fyrir hið glæsilega ytra borð, mikla atvinnu, nóg framboð á vörum og almenna velmegun, hefur þróun efnahagsmála verið mjög óhagstæð á árinu. Kauphækkanir og almenn ofpensla í hagkerfinu hafa komið á stað verðhækkunaröldu, sem haft hefur í för með sér vaxandi jafnvægisleysi í þjóð-arbúskapnum. Eins og ætíð áður, eru

áhrif verðþenslunnar að þessu sinni alvarlegust í viðskiptum landsmanna við útlönd. Hefur hún annars vegar haft í för með sér versnandi gjaldeyrisstöðu vegna stóraukinnar eftirspurnar eftir innfluttum vörum og þjónustu, en hins vegar valdið hækkandi framleiðslu-kostnaði innan lands og versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna. Það verkefni biður forráðamanna þjóðarinnar nú um áramótin að finna viðunandi lausn á þessum miklu vandamálum. Í þessari grein verður engin tilraun gerð til þess að taka þau til rækilegrar meðferðar, en aðeins rætt lauslega um tvo þætti þeirra.

### II.

Ofpenslan, sem nú einkennir alla efnahagsstarfsemi hér á landi, á fyrst og fremst rót sína að rekja til hinnar geysilegu fjárfestingar, sem átt hefur sér stað um skeið og er tvímælalaust

meiri en vinnuafli og sparnaður þjóðarinnar leyfir. Áhrif hennar koma fram á ýmsan hátt: í vinnuafllsskort, hækkunum framleiðslukostnaði og óeðlilegri eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Jafnframt því sem fjárfestingin hefur vaxið, hefur sparifjáröfnun í bönkum minnkað um meira en helming frá því í fyrra miðað við fyrstu ellefu mánuði ársins. Aukning fjárfestingarinnar hefur með öðrum orðum byggzt á peningabenslu með öllum heim hættum, sem því fylgja.

Það virðist nú ljóst, að vonlítið sé að ná jafnvægi í efnahagsmálum á ný án þess að dregið verði stórlega úr hvers kyns fjárfestingu og framkvæmdum, en til þess að það geti orðið, þarf tvenns konar hugarfarsbreyting að eiga sér stað.

Í fyrsta lagi er æskilegt að lækna sem flesta af þeirri blindu trú á gildi fjárfestingar, sem virðist hafa náð tökum á öllum þorra manna hér á landi. Auknar framkvæmdir er nærri því eina markmiðið, sem sameinað getur menn til átaka, hvar í flokki, sem þeir standa. Og það er sjaldan, sem minnihlutaflokkar á Íslandi deila á andstæðinga sína vegna of mikilla framkvæmda, þótt þeir finni þeim flest annað til foráttu. Þessi stórhugur er vissulega mikils virði. Hann sýnir hina nýfengnu trú Íslendinga á land sitt og óþrjótandi möguleika þess. En það er fleira, sem máli skiptir fyrir framfarir og velmegun

þjóðarinnar. Traustur og öruggur gjaldmiðill, styrkjalaus atvinnurekstur, frelsi og jafnvægi í utanríkisviðskiptum eru líka gæði, sem mikilsverð eru fyrir afkomu landsmanna. Allt fer þetta forgörðum, ef fjárfestingunni er ekki í hóf stillt. Og fari þannig, líður sjaldan á löngu áður en samdráttur verður á fjárfestingunni sjálfri vegna gjaldeyrissskorts og almennra efnahagsferfiðleika. Til lengdar er efnahagslegt jafnvægi því ekki sízt mikilvægt vegna þess, að það skapar grundvöll mikillar og heilbrigðrar fjárfestingarstarfsemi.

Önnur orsök hinna miklu framkvæmda er verðbólguhugsunarhátturinn og vantrú manna á framtíðarverðgildi peninganna, en verðhækkunar þær, sem orðið hafa á árinu, hafa gefið henni byr undir báða vængi. Þegar menn óttast rýrnandi verðgildi gjaldmiðilsins, lamast sparnaðarviljinn, en í þess stað keppast þeir við að koma fé sínu í fasteignir, hvað sem það kostar. Það er því hætt við, að miklið af þeim framkvæmdum, sem þannig eru til komnar, séu ekki hinar hagkvæmustu fyrir þjóðarbúið.

Það er ekki hægt að benda á neina eina leið, sem koma muni á jafnvægi á milli fjárfestingar og sparnaðar. Fyrst um sinn getur jöfnuður þó því aðeins náðst, að dregið verði að mun úr fjárfestingunni, en í því skyni verða bankarnir og ríkisvaldið að leggja á eitt til að draga úr lánum og framlögum til framkvæmda.

Jafnframt verður að gera allt, sem unnt er til þess að auka sparifjáröfnun landsmanna og verðbréfakaup, en leiðir til þess hafa margoft verið gerðar að umræðuefni í Fjármálatíðindum. Mikilvægasta leiðin að því marki hlýtur þó ætíð að verða sú að endurreisa sem fyrst trú manna á verðgildi peninganna. Verður því að gera allt, sem unnt er til að leysa þau vandamál, sem nú steðja að án þess að til verulegra verðhækkana komi.

### III.

Þótt grundvallarvandamál íslenskra efnahagsmála sé að koma á jafnvægi í þjóðarþúskapnum bæði inn á við og gagnvart útlöndum, hlýtur höfuðathyglin fyrst um sinn að beinast að þrengra sviði. Um hver áramót undanfarið hefur verið samið við útvegsmenn um rekstrargrundvöll bátaflotans á komandi ári. Nú eru samningar þessir víðtækari, þar sem einnig þarf að semja um rekstrargrundvöll fyrir togaraflotann, en auk þess hefur sjómannasamningum verið sagt upp. Takist ekki að ná samkomulagi í tíma, vofir stöðvun yfir allri útflutningsframleiðslunni.

Í sambandi við þessa samninga hlýtur mönnum að verða tíðhugað til verkfallsins mikla á síðastliðnu vori, enda hljóta auknar kröfur útgerðarmanna og sjómanna að vera reistar að miklu leyti á þeim hækkunum, sem þá urðu á kaup-

gjaldi. En það er fleira, sem skylt er. Vopnið, sem beitt er nú eins og þá, er hótun um stöðvun helztubjargræðisvega þjóðarinnar. Í slíkum samningum virðist ríkisvaldið, fulltrúi þjóðarinnar allrar, oftast vera veikari aðilinn. Ef það lætur undan kröfum einna hagsmunasamtaka, er svo að segja víst, að það verður fyrr eða síðar að láta undan kröfum annarra.

Eftir lok verkfallsins í vor var í Fjármálatíðindum rætt um þær hættur, sem því er samfara, að ríkisvaldið verður beint eða óbeint aðili að öllum helztu vinnudeilum, en það er óhjákvæmileg afleiðing þess, að það hefur tekið að sér að tryggja afkomu höfuðatvinnuveganna og viðhalda ætíð nægri atvinnu í landinu. Þegar svo er komið, hljóta allar meiri háttar kaup- og kjara-deilur að snúast um það, hvert skuli vera hið almenna verðlag í landinu. Hinum stóru hagsmunasamtökum er þar með fengið í hendur geysimikið vald yfir efnahagslífi þjóðarinnar, sem þau kunna misjafnlega með að fara.

Brýna nauðsyn ber til að finna ráð til þess að stöðva hina látlausu togstreitu hagsmunasamtakanna, þar sem ekkert ávinnst annað, en að efnahagskerfið er smám saman fært úr lagi. Raddir hafa verið uppi um það að undanförunu að koma þurfi á skipulegri fræðslu í efnahagsmálum. Væri það vissulega þakkar vert, ef takast mætti að opna augu sem flestra fyrir eðli

þeirra vandamála, sem við er að etja hverju sinni, en varla verður það allra meina bót.

Ef ríkisvaldið á að losna úr þeirri aðstöðu, sem það er nú komið í, í verðlags- og kaupgjaldsmálum, verður frjáls verðmyndun á markaði að koma í stað þeirra samninga, sem nú ráða verðlagi í landinu, en til þess að það geti orðið verður fyrst að leysa tvö höfuðvandamálin í íslenskum efnahagsmálum.

Í fyrsta lagi þarf hin mikla ofþensla

í hagkerfinu að hverfa, því að engin von er til þess, að hægt verði að halda verðlagi og kaupgjaldi í landinu í skefjum til lengdar, á meðan hún er ríkjandi. Og, í öðru lagi þarf að koma á jafnvægi milli verðlags hér innan lands og erlendis, svo að hægt verði að reka útflutningsatvinnuvegina án styrkja og hvers konar fríðinda. Verða þá atvinnurekendur sjálfir að taka afleiðingum þess, ef þeir fallast á kauphækkunir, sem eru framleiðslunni um megn.

J. N.



Magnús Magnússon og J. N.:

## Orkulind framtíðarinnar

Í grein þessari, sem samin er af Magnúsi Magnússyni, eðlisfræðingi, í samvinnu við ritstjóra Fjármálatiðinda, er skýrt frá beizlun kjarnorkunnar og þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um notkun hennar til raforkuvinnslu. Einnig er rætt um orkuþörf mannkynsins og áhrif hins nýja orkugjafa, þ. á. m. á efnahagslíf Íslendinga.

### Inngangur.

Orkan er ein af undirstöðum þeim, sem iðnaðarþjóðfélag nútímans hvílir á. Vélknúin atvinnutæki og samgöngutæki hafa aukið framleiðslugetu manna ótrúlega mikið á örfáum áratugum. Þessi þróun hefur krafizt síaukinnar orku, og allt bendir til þess, að sú þörf muni enn aukast hröðum skrefum um fyrirsjáanlega framtíð.

Á hinn bóginn er ljóst orðið, að orkulindir þær, sem mannkynið hefur treyst á hingað til, eru alls ekki óþrjótandi. Framsýnir menn voru því fyrir löngu farnir að óttast stöðvun framfara eftir nokkra mannsaldra, ef ekki myndist nýr orkugjafi.

En nú er hann fundinn. Kjarnorkan er komin til sögunnar, og í ágúst s.l. skiptust vísindamenn allra þjóða heims í fyrsta sinn á upplýsingum um friðsamlega notkun hennar, en á næsta ári tekur fyrsta stóra kjarnorkuverið til starfa í heiminum.

Í þessari grein verður reynt að gera grein fyrir beizlun kjarnorkunnar og þeim áhrifum, sem hún kann að hafa á efnahagslíf þjóðanna, þar á meðal Ís-

lendinga. Sérstaklega verður rætt um kostnaðarhlið kjarnorkuvinnslu, eftir því sem þekking manna nú leyfir.

En áður en að því verður komið, er fróðlegt að draga upp mynd af orkunotkun mannkynsins, er það stendur á þröskuldi atómaldar.

### Orkunotkun.


Orkuframleiðsla heimsins er orðin gífurlega mikil, og áætlað er, að hún hafi numið sem svarar 29 þúsund milljónum megawattsstunda rafmagns árið 1952, en það samsvarar 2,4 þúsund milljón tonnum af olíu eða 3,6 þúsund milljón tonnum af kolum, en aðeins 1.160 tonnum af úraníum. Línurit á 184. og 185. bls. sýnir, hvernig þessi orkuframleiðsla skiptist eftir notkun. Það skal tekið fram, að þetta línurit ásamt flestum tölulegum upplýsingum í þessari grein er sótt í gögn Genfarráðstefnunnar um friðsamlega notkun kjarnorkunnar.

Það er sérstaklega athugasvert, hversu mikið af orkunni fer til ónýtis á einn eða annan hátt, einkum tapast mikil orka við knúningu aflvéla með kolum

# ORKULINDIR OG O

TÖLUR Í ÞÚSUND I

$$1 \text{ megavattstund} = \begin{cases} 1.000 \text{ kílóvattstundir} \\ 125 \text{ kg. af kolum} \\ 83,3 \text{ kg. olía} \\ 0,04 \text{ gr af úraníum-235} \end{cases}$$






## NOTKUN HEIMSINS 1952

MEGAVATTSTUNDUM RAFMAGNS.

fl

iti



eða olíu. Af allri orkuframleiðslunni fara tæpir tveir þriðju forgörðum. Mest fer til ónýtis við heimilisnotkun og þess háttar vegna óhagkvæmra upphitunar- og eldunaraðferða, en næstmest tapast vegna slæmrar orkunýtingar samgöngutækja. Af orkuframleiðslunni fóru 17,6 þúsund milljón megawattsstundir til hitaframleiðslu, en þar af nýttust 8,1 eða tæplega helmingur. Hins vegar voru 11,4 þúsund milljón megawattsstundir notaðar til aflvinnslu, en þar af nýttust aðeins 2,1 eða tæplega einn fimmti hluti.

Orkunotkunin skiptist mjög ójafnt á lönd og þjóðir, og ræður þar mestu, hversu langt þjóðirnar eru komnar í nútímatækni, en einnig að sjálfsögðu, hvers eðlis atvinnuhættir þeirra eru. Á 1. töflu sést, hvernig orkunotkunin skiptist á heimshluta. Kemur þar í ljós, að hún er mörgum sinnum meiri í helztu iðnaðarlöndunum en meðal hinna frumstæðari þjóða. Enn þá meiri mundi munurinn vera, ef miðað væri við fólks-

fjölda. Til dæmis eru 36% af orkunni notuð í Norður-Ameríku, enda þótt þar búi ekki nema 7% af íbúum jarðarinnar.

#### *Orkuþörfin í framtíðinni.*

Orkunotkunin hefur aukizt mjög ört síðustu hundrað ár, eins og ljóst er af línuriti á næstu síðu, er sýnir framleiðslu helztu orkugjafa síðan 1860, en hún hefur á þessum tíma meira en tuttugufaldast. Aðeins á styrjaldar- og krepputímum hefur framleiðslan hætt að vaxa eða jafnvel minnkað.


Öll líkindi eru til þess, að orkuþörfin haldi áfram að aukast hröðum skrefum á næstu áratugum. Enn þá er þróunin mjög ör í mestu iðnaðarlöndum heimsins, en meira en helmingur mannkynsins er enn lítt snortinn af iðnvæðingu nútímans og mun þurfa stóruorku á næstu áratugum. Á móti kemur vafalaust að einhverju leyti aukin nýtni orkunnar, en varla getur það hrokkið nema skammt.

Allar áætlanir um slík efni langt fram í tímann hljóta að vera mjög vafasamar. Allir gera þó ráð fyrir stórkostlegri aukningu orkunotkunar, ef iðnþróunin heldur áfram óhindruð. Varlegustu áætlanir gera ráð fyrir fjórfaldri orkuþörf um næstu aldamót, en fleiri munu þó telja, að aukningin verði enn þá meiri, jafnvel meira en áttföld miðað við það, sem nú er.

Allt bendir til, að slík þróun mundi á nokkrum mannsöldrum leiða til þess, að helztu orkulindir, sem nú eru notaðar, gengju að mestu til þurrðar, ef ekki kæmi eitthvað annað til. Vatnsorkan og jarðhitinn eru einu orkulindir, sem notaðar hafa verið að ráði, sem ekki eyðast smám saman, en þær mundu aldrei fullnægja nema litlum hluta af orkuþörf framtíðarinnar.

1. tafla. Skipting orkuframleiðslu árið 1952 eftir því, hvar í heiminum hún var notuð (orka mæld í þús. millj. megawattsstunda).

	Magn	%
Norður-Ameríka .....	10,4	35,9
Vestur-Evrópa .....	5,5	19,0
Austur-Evrópa og Ráðstjórnarríkin	5,0	17,2
Ástralía og Suður-Afríka .....	0,6	2,1
Iðnþróuð lönd alls	21,5	74,2
Asia .....	3,9	13,4
Suður-Ameríka .....	1,1	3,8
Afríka (án Suður-Afríku) .....	0,5	1,7
Vanþróuð lönd alls	5,5	18,9
Annað og óvíst .....	2,0	6,9
Samtals	29,0	100,0



*Þverrandi orkulindir.*

Orkunotkun nútíma iðnaðar byggist í raun og veru á rányrkju. Kol og olía, sem bæði eru lífræn efni, hafa orðið til í jarðlögum á milljónum ára og legið nær ósnortin fram á vora daga. Nú er verið að eyða þessum sjóðum, án þess að nokkuð sé byggt í þeirra stað.

Áætlanir, sem gerðar hafa verið um birgðir kola og olíu, sem enn liggja ónýttar í jörðu, sýna, að ekki mundi langt líða áður en framfarir mannkyns-

ins yrðu stöðvaðar vegna orkuskorts, ef á þær ætti að treysta. Kolalög eru að vísu enn gífurlega mikil í jörðu, svo að gera má ráð fyrir, að þau gætu séð mannkyninu fyrir nægilegri orku nokkrar aldir enn þá. Hér er þó þess að gæta, að þau kolalög, sem auðveldust eru til vinnslu, hafa þegar verið fullunnin, og smám saman verður að hefja kolanám við erfiðari og erfiðari skilyrði, þar sem kolalög eru þynnri, óreglulegri og dýpra í jörðu. Kolanám er örðug og hættuleg vinna, sem reynist erfiðara að fá menn

til, eftir því sem lífskjör almennings batna. Af þessu hefur leitt, að kolavinnsla hefur aukizt mun hægar undanfarna áratugi heldur en orkuneyzlan í heild, eins og línurit um orkuframleiðslu heimsins sýnir. Ef mannkynið þyrfti á næstu áratugum að fullnægja orkuþörfinni með auknu kolanámi, mundi það hafa í för með sér stórhækkun orkuverðs, sem draga mundi úr iðnaði og framförum.

Birgðir af olíu og jarðgasi í jörðu eru miklu minni en kolabirgðir, en nú er gert ráð fyrir, að olíulindir, sem þekktar eru, muni endast um 30 ára skeið. Sífelld koma þó nýjar lindir í leitirnar, og undanfarna tvo áratugi hefur meira fundizt af nýjum olíulindum en sem framleiðslunni svarar. Það er þó ekki hægt að búast við því, að þessi þróun haldi áfram mjög lengi enn þá. Geysimiklu fé er varið til olíuleitar um allan heim, og að því hlýtur að reka áður en langt líður, að allar helztu olíulindir heimsins verði komnar í leitirnar.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að kol og olía eru ekki aðeins orkulindir heldur líka mikilvæg hráefni í hinum nýja efnaiðnaði. Það er því nauðsynlegt að forðast geryðingu þeirra einnig af þeim sökum.

Líklega hefðu hinar miklu framfarir nútímans aldrei orðið, ef ekki hefðu beðið mannkynsins í jörðu hinir dýrmætu fjársjóðir kola og olíu, enda hefur á þá verið gengið gegndarlaust og án tillits til þarfa framtíðarinnar. Mannkynið hefur nú borið gæfu til að finna nýja orkulind, áður en þessir sjóðir voru farnir að ganga svo til þurrðar, að áhrifa orkuskorts væri farið að gæta. Hitt á eftir að reyna, hvernig mennirnir kunna með að fara.

Verður nú skýrt frá eðli kjarnorkunnar og hagnýtingu hennar sem orkugjafa.

#### *Kjarnorka og hagnýting hennar.*

Atómkjarninn er settur saman úr tvenns konar ögnum, prótönnum, sem hlaðnar eru pösítívu rafmagni, og neutrönnum, sem eru óhlaðnar. Milli prótönanna í kjarnanum virka fráhrindandi rafkraftar. Ef ekki væru aðrir kraftar milli agnanna í kjarnanum, mundi hann því sundrast. Þeir aðdráttarkraftar, sem halda kjarnanum saman, hinir eiginlegu kjarnkraftar, virka jafnt milli allra agna, prótóna og neutróna. Kjarnkröftunum svipar til samloðunarkrafta þeirra, sem halda vökva saman, en eru miklu sterkari. Það má því líta á kjarnann sem vökvadropa. Alveg eins og tveir litlir vökvadropar samlagast í einn stærri, ef þeir snertast, renna tveir kjarnar saman og mynda einn stærri kjarna, ef þeir ná að snertast. Við þetta losnar geysimikil orka. Á þessum samruna byggist orka sólarinnar og vetnisprengjunnar. Það, sem yfirleitt hindrar, að kjarnarnir snertist og renni saman, er, að þeir eru hlaðnir rafmagni og hrinda því hvor öðrum frá sér. Léttir kjarnar, sem innihalda fáar prótönur og hafa því litla rafhleðslu, geta þó runnið saman, ef hitastigið er um milljón gráður. Þetta háa hitastig, sem með þarf, gerir það miklum erfiðleikum bundið að hagnýta þessa orku til friðsamlegra nota. Stöðugt er unnið að rannsóknum á þessu vandamáli, og álit þeirra manna, sem við þær fást, er, að það sé leysanlegt, þó að þeir vilji ekki tiltaka ákveðinn tíma, sem það taki. Þegar það er leyst, má segja, að fengin sé ótæmandi orkulind.

Þungir kjarnar innihalda margar prótönur, t. d. hefur úraníumkjarninn 92 prótönur, en léttasti kjarninn, vetniskjarninn, hefur aðeins eina. Í þungum kjörnum gætir því hinna fráhrindandi rafkrafta mjög mikið. Sumir

þeirra, eins og kjarni úraníum-235 ísótópsins, þurfa litla röskun, til að þeir klofni í tvo smærri kjarna. Ef nevrónu er skotið á slíkan kjarna, raskar hún honum nægilega til þess, að hann klofni. Við þessa klofnun losnar einnig geysimikil orka. Við klofnun eins úraníumkjarna kemur fram mörgum milljón sinnum meiri orka en frá einu atómi við bruna kola. Jafnframt koma fram nevrónur, 2-3 við hverja klofnun. Þessar nevrónur geta svo klofið nýja kjarna, og á örskömmum tíma getur feikilegur fjöldi kjarna klofnað. Þessari keðjuklofnun er hægt að stjórna með því að láta sérstök efni gleypa í sig meira eða minna af þeim nevrónum, sem fram koma við klofnanir. Á slíkum klofnunum byggist orka atómsprengjunnar og þeirra kjarnorkuvera, sem nú eru fyrirhuguð.

Ekki geta allir þungir kjarnar klofnað jafnauðveldlega. Úraníum-235 ísótópurinn er kjarnkleyfur með hægfara og orkulitlum nevrónum, en úraníum-238 ísótópurinn ekki. Í venjulegu úraníum er aðeins 0,7% af úraníum-235, en 99,3% af úraníum-238. Mjög erfitt og dýrt er að skilja þessa ísótópa að til að fá hreint kjarnkleyft efni eins og úraníum-235. Ef úraníum-238 er með úraníum-235, tekur það ekki þátt í keðjuklofnuninni. Það getur þó tekið í sig nevrónu, en klofnar ekki. Í stað þess breytist það í annað efni, plútóníum, sem er kjarnkleyft eins og úraníum-235. Í kjarnorkuofninum, þar sem keðjuklofnunin fer fram, getur því myndast nýtt eldsneyti, jafnframt því sem öðru er brennt.


Þeir kjarnar, sem fram koma við klofnanir, eru ákaflega geislavirkir og senda frá sér hættulega geisla. Eldsneytishlaði kjarnorkuofnsins verður því að vera umluktur þykkum varnarveggjum úr steinsteypu, og allt, sem frá kjarn-

orkuofninum kemur, verður að fara með á sérstakan hátt vegna hinna stórhættulegu geisla. Þetta gerir starfrækslu kjarnorkuofna miklu erfiðari og dýrari en ella.

Hitaorku þá, sem fram kemur við keðjuklofnunina í kjarnorkuofninum, er hægt að nota til framleiðslu rafmagns. Til þess er kælilofti eða kælivökva (t. d. venjulegu vatni, þungu vatni eða fljótandi málm) dælt í gegnum kjarnorkuofninn. Þar hitnar kælirinn, en er síðan látinn fara gegnum hitaskipti, þar sem hann gefur frá sér hita. Frá hitaskiptinum er honum svo dælt aftur inn í ofninn. Í sambandi við hitaskiptinn er önnur hringrás. Vatni er dælt inn í hitaskiptinn, og þar er hitinn frá kælihringrásinni notaður til að framleiða gufu í seinni hringrásinni. Þessi gufa er svo látin knýja gufutúrbínu, sem aftur knýr rafal, sem framleiðir rafmagnið. Gufan er síðan þéttað og vatninu dælt aftur inn í hitaskiptinn. Er þetta sýnt á skýringarmynd á næstu síðu.

#### *Kostnaður rafmagns frá kjarnorkuveri.*

Það er erfiðleikum bundið að reikna út kostnað á rafmagni frá kjarnorkuveri, því að enn skortir mjög reynslu við starfrækslu slíkra vera. Sá hluti kjarnorkurafstöðva, sem samanstendur af gufukerfinu, gufutúrbínu og rafali, er eins og í venjulegum kola- eða olíukyntum rafstöðvum. Kostnaður við þennan hluta verður því mjög svipaður fyrir báðar tegundir stöðva. Túrbína og rafalhluti vatnsaflsstöðvar kostar einnig svipað. Mismunur milli þessara tegunda aflstöðva liggur því aðallega í því, að kjarnorkuofninn kemur í stað ketils kolakyntra stöðva og aðfærsluæða vatnsaflsstöðva. Vegna kostnaðar kjarnorkuofnsins verður stofnkostnaður kjarnorkuvers 100% meiri en kolakyntra



Skýringarmynd af kjarnorkuveri.

stöðva, en líklega lækkar munurinn fljótlega niður í 50%. Eldsneytiskostnaður er töluverður í kolakýntum stöðvum, en enginn í vatnsaflsstöðvum. Kjarnorkuofn getur framleitt allt að því jafnmikið eða jafnvel meira af eldsneyti en hann brennir. Ef tillit er tekið til þess, getur eldsneytiskostnaður orðið enginn eða jafnvel tekjur orðið af því eldsneyti, sem framleitt er og selt.

Bretar eru að reisa kjarnorkuver til rafmagnsframleiðslu, sem tekur til starfa árið 1956, og fleiri taka til starfa á næstu árum. Allýtarlegar áætlanir hafa verið gerðar um kostnað rafmagns frá þessum fyrstu kjarnorkurafstöðvum, en útdráttur úr slíkri áætlun er sýndur á 2. töflu. Mörg atriði þarf að taka til greina, og um flest þeirra ríkir mikil óvissa, svo að niðurstöðurnar eru engan veginn óvæfengjanlegar. Helztu atriðin eru þessi:

1) Stofnkostnaður og ending kjarnorkuofnsins og túrbínurafahluta stöðvarinnar. Byggingarkostnaður

er nokkuð vel ákveðinn, þar sem verið er að ljúka byggingu fyrsta versins. Hins vegar er ending kjarnorkuofnsins í óvissu, þar sem engin reynsla er fyrir starfrækslu kjarnorkuofns um lengri tíma. Gert hefur verið ráð fyrir 15 árum, en það má bera saman við 40–50 ár fyrir vatnsaflsstöðvar.

2) Verð á eldsneyti (úraníum). Þar sem ekki er komið fast verð á úraníum, er ekki hægt að gefa alveg örugga áætlun um þennan lið.

3) Vinnsla og endurnýjun á eldsneyti. Þetta er stór kostnaðarliður, sem töluverð óvissa ríkir um. Í honum felst útbúnaður á úraníum fyrir kjarnorkuofninn, en það er ýmist haft í eldsneytisstöngum eða í upplausn. Enn fremur vinnsla á hálfbrunnu eldsneyti, en úr því þarf að hreinsa úrgangsefni og ná því eldsneyti, sem eftir er óbrunnið eða myndast hefur. Þar sem þetta hálf-

2. tafla. Kostnaðaráætlun fyrir 150.000 kw kjarnorkurafstöð af þeirri gerð, sem Bretar hafa smíðað.

	Stofn- kostnaður millj. ísl. kr.	Árs- kostnaður millj. ísl. kr.	Rafmagnskostnaður með 80% álagi (aurar á kwstund)
Kjarnorkuofn .....	340	31,1	
Aðrir hlutar stöðvar .....	520	31,4	
Byggingarkostnaður .....	860	62,5	
Kostnaður fyrstu eldsneytishleðslu á 0,9 millj. kr. tonnið af úraníum .....	230	9,2	
Stofnkostnaður alls .....	1.090	71,7	6,9
<i>Rekstur:</i>			
Rekstrarkostnaður stöðvar .....		11,9	
Kostnaður við endurnýjun eldsneytis á 0,9 millj. kr. tonnið af úraníum .....		66,8	
		78,7	7,6
Kostnaður alls .....		150,4	14,5

brunna eldsneyti er hættulega geislavirkt, verður vinnslan að fara fram í sérstökum, fjarstýrðum verksmiðjum.

- 4) Eldsneytisnýtni, þ. e. hve miklum hluta af eldsneytinu eða kjarnkleyfa efninu er hægt að brenna, áður en nauðsynlegt er að endurnýja það, er mikilvægt atriði, en um það skortir reynslu.
- 5) Álag stöðvarinnar þarf að vera sem hæst.
- 6) Verð á plútóníum. Það plútóníum, sem myndast í kjarnorkuofni, er hægt að selja, og þær tekjur geta stórlækkað rafmagnskostnaðinn.
- 7) Vextir og iðgjöld. Í áætlunum er reiknað með 4% lánsvöxtum, t. d. í sambandi við eldsneytisbirgðir.

Í þessu hafa ekki verið reiknaðar með tekjur af því plútóníum, sem myndast í kjarnorkuofninum og hægt er að selja. Það er erfitt að segja fyrir um verð á plútóníum næstu 10–20 árin, en sennilegt er, að 550 krónur grammið sé ekki fjarri lagi. Kostnaður við að vinna plútóníum úr notuðu eldsneyti er áætlaður

frá 90–320 kr. á grammið. Hagnaður af hverju grammi af plútóníum verður frá 230–460 ísl. krónur. Þetta lækkar rafmagnskostnaðinn um 3,3–6,7 aura á kwstund.

*Nettórafmagnskostnaður verður þá:*

	Aurar á kwstund	
Brúttókostnaður með 80% álagi	14,5	
Tekjur af plútóníum á 230–460 kr. grammið .....	3,3	6,7
Nettókostnaður .....	11,2	7,8
Rafmagnskostnaður frá nýjum kolakyntum stöðvum .....		11,4

Það virðist því svo, að rafmagn frá fyrstu kjarnorkurafstöðvum Breta muni kosta álíka mikið eða jafnvel minna en frá kolakyntum rafstöðvum.

Í Bretlandi er fyrirsjáanlegur orkuskortur á næstu áratugum, ef ekki kemur nýr orkugjafi til hjálpar. Þess vegna hefur rík áherzla verið lögð á að reisa fullgildar kjarnorkurafstöðvar á næstu árum. Fyrir 1965 er áætlað að reisa 12 slíkar stöðvar, sem hver geti framleitt 100.000–200.000 kw. Um 1975 er gert

ráð fyrir, að um 40% rafmagns í Bretlandi komi frá kjarnorkurafstöðvum.

Í Bandaríkjunum eru enn nógar birgðir af auðunnum og ódýrum kolum og olíu, svo að ekki er brýn nauðsyn á nýjum orkugjafa á næstunni. Þar er meiri áherzla lögð á að reisa kjarnorkurafstöðvar til að öðlast reynslu í starfsemi slíkra stöðva heldur en til framleiðslu rafmagns til almennra nota. Margar gerðir kjarnorkuofna er verið að reyna á þennan hátt. Kostnaðaráætlanir hafa ekki verið gerðar eins ákveðnar og í Bretlandi, en þó má geta einnar, sem gerð hefur verið fyrir 76.000 kw rafstöð.

*Stofnkostnaður:*

	<i>Isl. kr. á kw</i>
Kjarnorkuofn .....	2.200
Kælikerfi .....	740
Rafall o. s. frv. ....	1.960
<b>Alls kr. á kw</b>	<b>4.900</b>

*Rafmagnskostnaður (80% álag):*

	<i>Aurar á kwst.</i>
Stofnkostnaður .....	10,6
Eldsneytiskostnaður .....	3,3–5,2
Rekstur og viðhald .....	3,3
<b>Alls (aurar á kwstund)</b>	<b>17,2–19,1</b>

Með endurbótum er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn geti komizt niður í 9,8—11,4 aura kwst. Kostnaður rafmagns frá kola- eða olíukyntum rafstöðvum af þessari stærð í Bandaríkjunum er 9,8—13,1 aurar á kwstund.

*Samanburður við aðrar orkulindir.*

Áætlanir þær, sem nú hafa verið ræddar, eru að sjálfsögðu ekki óbyggjandi. Engu að síður benda þær til þess, að rafmagn frá kjarnorkuverum verði svipað að verði eða jafnvel ódýrara en orka frá kolaköntum rafstöðvum nema

þar sem kol eru allra ódýrust. Öll líkindi eru til þess, að þessi samanburður breytist kjarnorkunni í hag, eftir því sem tækninni fer fram og reynsla manna eykst.

Fróðlegt er að athuga samanburð, sem gerður hefur verið af Bretum á verði á raforku, sem framleidd er í kjarnorkustöð, kolakyntri rafstöð og vatnsaflsstöð. Þessi samanburður er sýndur á línuriti á næstu síðu. Tekið skal fram, að reiknað er með sem hagkvæmustum aðstæðum í öllum dæmunum, t. d. er miðað við mjög lágt kola- verð eða aðeins 3 pund tonnið, og einnig við mjög hagkvæmar aðstæður til vatns- virkjunar.

Línuritið sýnir, að það hefur mikið að segja fyrir hagkvæman rekstur kjarnorkustöðvar, að meðalálagið sé hátt, enda er eldsneytisnotkunin svo að segja hin sama, hvort sem lítil eða mikil raforka er framleidd. Þarf álagið að ná 60% til að kjarnorkan verði ódýrari en orka kolastöðvanna.


Athyglisverðast er, að vatnsorka er langtum ódýrari en kjarnorka við hvaða meðalálág, sem vera skal, og munar yfirleitt meira en helmingi á verði kíló- wattsstundar. Er auðséð, að kjarnorkan þarf að lækka stórkostlega í verði frá því, sem nú er útlit fyrir, ef hún á að koma í stað hagkvæmra vatnsafls- stöðva.

Af þessum samanburði leiðir, að búast má við, að kjarnorkan verði fyrst tekin til nota í stórum stíl, þar sem kol eru dýr, en önnur ódýrari orka ekki við hendina, t. d. í Bretlandi og Danmörku. Þar sem vatnsorka er næg, verður kjarnorkan hins vegar látin bíða enn um stund.

Rétt er að minnast hér á, að þegar hafa verið gerðar tilraunir með að knýja áfram skip með kjarnorku, en lítið er upplýst um kostnaðarhlið málsins. Hins



vegar er talið ólíklegt, að kjarnorka komi að ráði í stað benzíns og olíu sem aflgjafi flutningatækja á næstu áratugum. Olíuþörf heimsins breytist því varla mjög mikið af hennar sökum framan af,



Samanburður á rafmagnskostnaði frá mismunandi orkuverum.

og verða áhrif kjarnorkunnar vafalaust mest á eftirspurn eftir kolum, ekki sízt lélegum steinkolum og brúnkolum.

Enn er einni spurningu ósvarað, en hún er, hvort nú sé loks fundinn óþrjótandi orkugjafi. Svárið er, að svo er að vísu ekki, á meðan kjarnorkuframléiðsla byggist á kjarnaklofnun úraníums. Úraníum er ekki mjög sjaldgæft efni, en auðunnar birgðir af því í jörðu eru þó alls ekki ótakmarkaðar. Áætlanir um þetta efni benda þó til þess, að nóg auðunnið úraníum sé fyrir hendi til margra alda notkunar. Sífelld koma í leitirnar nýjar námur, og nýjar aðferðir finnast vafalaust til að vinna úraníum úr hinum miklu námum, sem enn er óhagkvæmt að nýta vegna kostnaðar. Loks má minnst á annað efni, sem einnig er hægt að nota til kjarnorkuvinnslu, en

það er þóríum, sem er þrisvar sinnum algengara á jörðinni en úraníum.

Segja má, að það sé nær óhugsandi, að ekki verði búið að leysa það vandamál, hvernig vinna megi kjarnorku með samruna ódýrra efna, löngu áður en úraníumbirgðir veraldarinnar eru þrotnar.

#### Kjarnorka og Íslendingar.

Í þessari grein hefur eingöngu verið rætt um kjarnorkuna sem orkugjafa og hið efnahagslega mikilvægi hennar fyrir mannkynið. Óbeint munu Íslendingar njóta þeirra almennu framfara, sem hagnýting kjarnorkunnar hefur í för með sér, enda þótt þeir taki engan virkan þátt í þróuninni. Hins vegar skal að lokum minnst stuttlega á þau beinu áhrif, sem kjarnorkubyltingin kann að hafa á afkomu Íslendinga og mat þeirra á náttúruauðlindum lands síns.

Fyrst skal minnst á einn möguleika, sem nokkuð hefur verið ræddur að undanförunu. Hann er sá, að Íslendingar muni geta framleitt þungt vatn á samkeppnisfæru verði, en það er mikilvægt hjálparefni við kjarnorkuvinnslu og mjög dýrt. Við framleiðslu þungs vatns þarf mikla gufu, og mætti þess vegna nota við hana jarðhita á hinn hagkvæmasta hátt. Þetta mál er nú í rannsókn, en ekki er loku fyrir það skotið, að framleiðsla þungs vatns geti orðið stóriðja á Íslandi á atómöld þeirri, sem framundan er.

Mikilvægasta spurningin í þessu efni er þó sú, hvort kjarnorkan geri virkjun hinna miklu fallvatna Íslands óhagkvæma, en henni hefur þegar verið svarað að nokkru leyti. Á því stigi þekkingarinnar, sem menn eru nú, lítur ekki út fyrir, að kjarnorka verði samkeppnisfær við hagkvæmar virkjanir á næstu áratugum. En áætlanir um virkjunar-

kostnað stórfljóta hér á landi sýna, að hér má framleiða rafmagn um það bil eins ódýrt og gert hefur verið ráð fyrir í hinum brezka samanburði á hagkvæmni mismunandi orkuvera (sjá línurit). Jafnvel Sogsvirkjunin, sem er lítil og þar af leiðandi tiltölulega dýr, getur framleitt rafmagn á sambærilegu verði við kjarnorkuver.

Af þessu er það ljóst í fyrsta lagi, að Íslendingar munu ekki hafa ástæðu til

að hagnýta kjarnorku til rafmagnsvinnslu í fyrirsjáanlegri framtíð. Og í öðru lagi er ekki útlit fyrir, að þeir þurfi að breyta mati sínu á hinum miklu auðæfum íslenskra fossa. Hins vegar er vert að minnast þess, að þróun tækninnar heldur áfram, og það er engin víska fyrir því, að íslensk stórfljót verði nokkru sinni virkjuð, ef tækifærin eru ekki notuð áður en langt um líður.

Dr. Per Jacobsson:

## Undirstöður framfaranna

Dr. Magnús Jónsson hefur þýtt eftirfarandi grein eftir dr. Per Jacobsson, sem er lesendum Fjármálatíðinda vel kunnur. Þetta eru persónulegar hugleiðingar um efnahagsmál samtíðarinnar, og sýna þær vel, hve þau vandamál, sem sækja á hugi annarra þjóða manna, eru lík vandamálum Íslendinga.

Á tímum, þegar óspart er hampað orðum eins og „kynþáttur“, „það heldur velli, sem hæfast er“ o. s. frv., er full ástæða til þess að vara við því að heimfæra almenn lögmál lífsins gálauselega upp á mannlífið og fyrirbæri þess. Trúaðir menn munu neita því afdráttarlaust að nefna manninn í sömu andránni og önnur dýr jarðarinnar. Og hinir, sem hafa hugann meira við þennan heim, vekja athygli á því, að mannlífið sé svo margbrotið og starfsemi þess svo fjölbætt, að hvergi verði til jafnað í dýraríkinu né þess reglum beitt.

En þó að gengið sé inn á allt þetta, er þó eftir sú spurning, hvort ekki sé eitt-hvað sameiginlegt með öllu, sem lifir, einnig með dýrum og jurtum. Því má hiklaust halda fram, að dæmisögurnar í Nýjatestamentinu bendi á vissa hluti og sannleikskorn, sem eiga við allt, sem lifir. Og vissulega væri rétt að rannsaka, hvort ákveðin lögmál þróunarinnar, eins og þau hafa komið í ljós við rannsóknir síðustu aldar, gætu ekki orðið gagnleg til skýringar á ýmsum hlutum, meira að segja á efnahagsmálum.

Hér koma til greina þrjú meginhugtök lífeðlisvísindanna.

Nú eru bráðum hundrað ár síðan Darwin gaf út bók sína um „Uppruna tegundanna“ 1859. Benti hann þar á „náttúruúrvalið“, sem fram fer í baráttu tegundanna fyrir lífinu. Sú barátta veldur því, að „það heldur velli, sem hæfast er“. Sjaldan hefur bók valdið öðru eins umróti í hugum manna og þessi bók Darwins eða verið í þetra samræmi við áhugamál aldarinnar. Í efnahagsmálum voru skoðanir Darwins eins og sniðnar fyrir frjálslyndu stefnunna, þar sem „frjáls samkeppni“ og opnir möguleikar voru aðalhaldreipin. Höft og hömlur hrundu í hverju landinu eftir annað, en kenningin um frjálsa verzlun og óbundin viðskipti þjóða milli fór sigurför. Lærðir menn voru vitanlega ekki sammála um allt í kenningum Darwins, en almenningur sá hvergi blett né hrukku á þessum vel sniðna stakk.

En svo kom Krapotkin fursti, hinn nafntogaði rússneski aðalskommúnisti, og ritaði greinar sínar í „Edinburgh-

Review“, er hann nefndi „Samhjálpin, mikilsverður þáttur þróunarinnar“. Sýndi hann þar fram á, að *samhjálpin* milli lífveranna kæmi mjög til greina. Nefndi hann sem dæmi trén í skóginum, er hlífa hvert öðru, dýrin, er fara í stórum hjörðum, býflugurnar í búi sínu, fjölskylduböndin, þar sem hver styður annan og þá einkum foreldrar afkvæmin. Krapotkin var kunnur vísindamaður, og þá var enn hlustað á mann, þó að hann væri kommúnisti. Sannleikurinn var sá, að mönnum þótti vænt um þessar greinar, — þær voru síðar gefnar út í bók —, því að hér kom hlýjan inn í hina köldu lífsbaráttu tegundanna. Samhjálp og aðstoð voru fastir liðir í þróuninni.

Þessi tvö hugtök, „náttúruúrval“ og „samhjálp“, eru almenningi nokkurn veginn auðskilin. Þriðja hugtakið, sem hér kemur til greina, er erfiðara viðfangs. En fram hjá því verður ekki komizt.

Það er augljóst mál, að náttúruúrvalið getur því aðeins haft nokkur áhrif, að einhver afbrigði geti átt sér stað. *Afbrigði* eða mútatiónir, eins og það er kallað, verða að geta átt sér stað. Það var hollenzkur maður, de Vries að nafni, sem kvaddi hljóðs um þetta efni. Voru þá dregnar fram í dagsljósið rannsóknir Mendels á erfðum og stökkbreytingum, og ollu þær miklum byltingum á skoðunum manna á þessum málum öllum. Enn er það ráðgáta, hvernig stökkbreytingar verða. Fyrir framþróunina hlýtur það að vera nauðsynlegt, að eitt-hvað nýtt geti fram komið og sýnt hæfileika sína til þess að klífa örðugu hjallana. En þá er líka nauðsynlegt að sporna ekki móti breytingum og afbrigðum, þ. e. gefa fjölbreytni lausan taum.

Ef vér athugum nú nánar þessi þrjú undirstöðuatriði, sem þróun lífsins hvíl-

ir á, — baráttuna fyrir lífinu, samhjálpina og nauðsyn tilbreytni —, munum vér brátt komast að raun um, að hér verða iðulega árekstrar á milli. Má nefna eitt dæmi. Samhjálp sú, er kom fram í gömlu iðnfélögunum, gildunum, var nauðsynleg, meðan öryggi þjóðfélaganna var af skornum skammti. En er þetta öryggi óx, þótti hitt meira virði að leysa allar hömlur gildanna og láta samkeppni og fjölbreytni framleiðslunnar njóta sín sem bezt. Hér varð því samhjálp gildanna að þoka fyrir fjölbreytni frelsisins, þegar öryggið var ekki í hættu. Hjá slíkum árekstrum verður ekki komizt, en einmitt þeir vinna að lausn málsins. Má minna á gríska heimspekinginn Herakleitos, sem uppi var fimm öldum fyrir Krists burð. Meginkenning hans var sú, að í veröldinni yrðu *andstæður að blandast*. Hann hafði mætur á hvers konar ófriði, því að í ófriði mætast andstæður, þær setja af stað hreyfingu eða straum, sem felur aftur í sér samræmi. Í veröld Herakleitosar er eining, en það er eining fjölbreytninnar. Bertrand Russel benti á það í bók sinni „Saga vestrænnar heimspeki“, að heimspeki Herakleitosar bæri í sér frækornið að heimspeki Hegels. En þó hefur Hegel gert sér málið auðveldara með því að hugsa sér aðeins árekstur milli „thesis“ og „antithesis“, er endi í „synthesis“, — hugmynd, gagnhugmynd og samruni hugmynda —, en í heiminum er áreksturinn ekki milli tveggja, heldur margra aflu.

Á 19. öldinni var gildunum og öðru því, er standa þótti í vegi efnahagsþróunarinnar, svipt burtu, en mannkynið lagði út á tímabil, þar sem frelsinu, andlegu og efnalegu, voru lítil takmörk sett. Á þessu tímabili skiptust menn á hugmyndum og vörum, svo að annað eins hafði áður aldrei þekkt. Þetta var hálföldin fyrir 1914, og hún var í ýmsu til-

liti eitthvert ávaxtaríkasta tímabil í sögu mannkynsins. Þegar litið er til baka yfir þetta tímabil, sýnist þar hafa ríkt almenn bjartsýni og trú á fagra framtíð mannkynsins og að hennar væri skammt að bíða. Að mörgu leyti er þetta rétt mynd af þessu tímabili. En ekki að öllu leyti. Því verður ekki neitað, að ýmsir spekingar gengu með alvarlegan grun um allt annað en bjarta framtíð. Á þessum tíma ritaði t. d. þýzki spekingurinn Oswald Spengler sína umdeildu bók „Ragnarök Vesturlanda“ — „Der Untergang des Abendlandes“. Á þessu tímabili fækkaði barnsfæðingum ískyggilega. Einstaklingurinn var einmana — án samhjálpar. Gamla samhjálpin, t. d. í gildunum, var farin veg allrar veraldar, og nú var æpandi þörf á nýju félagslegu öryggi.

Nýja leiðin var fyrst sú að koma á „almannatryggingum“. Var þessi leið fyrst farin í Þýzkalandi á Bismarckstímanum, en hún hefur víðast verið farin eftir það. Á Stóra-Bretlandi jukust tryggingarnar afar mikið á valdatíma frjálslynda flokksins eftir 1906, en þar var Lloyd George driffjöðrin. Hefur þessi stjórn verið einhver víðsýnasta og færasta ríkisstjórn á síðari tímum.

Fyrri heimsstyrjöldin rak mjög á eftir félagsmálaumbótum, og milli styrjaldanna hófst geysileg framsókn í þessum málum í Bandaríkjunum. Kreppan mikla hratt af stað „New Deal“ Roosevelt forseta, en undir áhrifum þessarar „Nýju stefnu“ skyggðu félagslegu öryggismálin að kalla mátti á öll önnur þjóðmál. Á ófriðartímunum og þar á eftir var ósleitilega unnið í sama farveg, og varð þá til svonefnt „velferðaríki“, en með því var átt við alls kyns skipulagningu og aðstoðarstarfsemi, svo að nú var áherzlan að nýju komin á

samhjálparþáttinn í þróun mannfélagsins.

Því verður ekki með sanngirni móti mælt, að þessar félagsmálaframfarir hafa að vissu leyti *tvímælalausa kosti*.

1. Almennigur allur nýtur miklu meira öryggis en áður og þjáist minna af völdum sjúkdóma og skorts. Mönnum líður betur að þessu leyti.

2. Árekstrar hafa orðið minni í þjóðfélaginu og stéttarígur minnkað. Áður fyrri voru átök og handalögmál samfara flestum verkföllum og verkbönnum, en á síðari tímum eru vinnustöðvanir oftast miklu styttri og varla, að til líkamlegra átaka komi. Þess er vert að minnast, að á fyrri tímabilinu óx og dafnaði kommúnisminn, en nú hafa kommúnistar víða sjálfir tekið við stjórnartaumunum og þreifað á staðreyndunum. Hafa þeir þá komið að raun um, að kröfur um jafnar tekjur handa öllum, afnám peninga o. s. frv. samrýmast ekki því að stjórna efnahagsmálum lifandi manna.

3. Þá er rétt að gefa því gaum, að tala fæðinga hefur hækkað síðan 1936–1938, þ. e. síðan í byrjun síðari styrjaldar. Og þessi fjölgun er almenn og nær til ólíkra þjóða eins og Frakklands, Grikklands, Stóra-Bretlands, Belgíu, Svíþjóðar, Finnlands, Sviss og Bandaríkjanna. Það virðist ekki ósanngjarnt að álykta, að þessi fjölgun fæðinga beri að einhverju leyti vitni um auknið öryggi og traust, sem yfirgnæfir óttann við styrjaldir og hin ægilegu morðvopn.

Þessa kosti ber að viðurkenna, en muna verður jafnframt, að allar þessar framfarir til „velferðar“ almennings eru á því reistar, að *framleiðslan hefur stóraukist* eftir síðari styrjöld. Til þess að geta skipt miklu milli manna þarf fyrst að afla mikils, svo mikils, að nægi bæði til eyðslu og aukinna framkvæmda.

Og enn meira verður að afla, ef hækka

skal og bæta lífskjörin. Þess þarf því vandlega að gæta, hvort „velferðarríkið“ hefur góð áhrif eða miður góð á framleiðslu þjóðanna.

Margir hafa alið þá von í brjósti, að verkamenn, sem vel er búið að og njóta sæmilegs öryggis, verði sérstaklega starfsglaðir og starfshæfir og sætti sig fúslega við breytingar á starfsháttum og þess háttar, þar sem þeir megi vita, að þetta er eina leiðin til þess, að velmegun þeirra haldist og aukist. En þessar vonir hafa því miður ekki ávallt rætt. Bera verkalýðsfélögin þunga ábyrgð í þessu efni að gera verkamönnum skiljanlegar allar aðgerðir til umbóta á starfsaðferðum og eggja þá til samvinnu um bætt vinnuhætti. Með því einu verða kjör þeirra tryggð og bætt.

Það eru að minnsta kosti *tvær hættur*, sem vofa yfir „velferðarríkinu“ í þessum efnunum.

1. Ein skæðasta hættan er sú, að „velferðarríkið“ fari að líta á sjálf sig sem allsherjar verndara, hvenær sem eitt-hvað á bjátar. Nefna má eitt dæmi. Atvinnuleysi ber að forðast, og þá er svo ályktað, að til þess að verjast því, verði að sjá um, að öll fyrirtæki starfi með fullum krafti, hvort sem þau bera sig vel eða illa. Til þess að þetta geti orðið, verður að leggja byrðar á aðra. Og kostnaðurinn, sem þetta hefur í för með sér, er meiri en þær beinu greiðslur, sem inntar eru af hendi. Auk þeirra verður að reikna til útgjalda þau truflandi áhrif, sem þetta hefur á verðlag og atvinnuhætti. Allt fer þetta úr eðlilegum skorðum, og efnalega jafnvægið raskast. Þegar farið er að káfa í þessa hluti og hindra eðlilegar verkanir viðskiptalögmálsins, fer ævinlega svo, að vörur safnast á einum staðnum, en vantar á öðrum, svo að „svartur markaður“

myndast. Eðlileg verðmyndun nýtur sín ekki, og nýjar ráðstafanir verður að gera. Aðgerðir, sem virðast litlar og sauðmeiðlausar í fyrstu, enda áður en varir í ógöngum.

2. Önnur hættan er sú, að skattabyrðarnar, sem þessar opinberu hjálparráðstafanir hafa í för með sér, verði hættulegar fyrir framleiðsluna. Í sumum löndum eru þessi gjöld til hjálparráðstafana, sem atvinnurekendum er gert að greiða, orðin 20—30% móts við eðlilegar launagreiðslur fyrirtækjanna. Þessi gjöld hækka svo framleiðslukostnaðinn að sama skapi. Auk þess kostar stjórn allra þessara velferðarmála stórfé, svo að verulegur hluti fjármagnsins fer í það, auk vinnuafkasta margra manna. Skatta verður að hækka til þess að standa undir þessum framkvæmdum, og allt þetta verður til þess að skerða það fjármagn, sem sjálf framleiðslan fær til sinna þarfa. Þetta kom ekki jafnskýrt í ljós á fyrstu árunum eftir ófriðinn. Þá voru ærin verkefni að reisa úr rústum og ekki horft í það að borga kostnaðinn með síauknu peningaflóði og verðpenslu. En svo kemur að því, að þjóðfélagið verður að vakna upp til veruleikans. Það verður að hefja hversdagslegan búskap sinn og lifa af því, sem aflað er, og þá rennur upp dagur dómsins. „Velferðarríkið“ getur snúizt upp í það að verða fjötur um fót. Reynslan staðfestir þetta. Sagnaritarar eru meira og meira að komast á þá skoðun, að eitt mesta hrun veraldarsögunnar sé einmitt svona til komið, hrun Rómaveldis. Skrifstofu- og embættismannabáknið jókst í sífellu, og skattabyrðarnar þyngdust, svo að kostnaðurinn saug merg og blóð úr öllu athafnalífi. Hvernig sem yfirvöld einstakra landshluta fóru að, dró úr löngun manna til athafna og framtaks, og blóðið staðnaði í æðum þjóðarlíkamans. Þetta hefur

verið betur og betur og með óyggjandi rökum sýnt í nýjum söguritum, og það felur í sér kröftuga viðvörðun um hættur þær, sem hvert „velferðarríki“ mætir.

Enn verður ekki um það sagt, hvert þróun málanna nú á dögum stefnir, en menn eru betur og betur að koma auga á hættur þær, sem felast í stjórnarafskiptum af atvinnulífinu og síaukinni skattabyrði. Ekki svo að skilja að snúa beri alveg við á þeirri braut, sem farin hefur verið. En finna verður leið til þess að *samrýma „velferðarríkið“ eðlilegri verðmyndun og heilbrigðum atvinnurekstri*. Höftum er nú verið að létta af. Skömmunarkerfið var afleiðing vöruskortsins eftir ófriðarlokin, og engin skynsamleg ástæða er til þess að halda skömmun áfram, eftir að framleiðslan er komin í rétt horf. Hömlur á gjald-eyrisverzlun eru ekkert annað en skömmun á erlendum gjaldeyri, af því að margar þjóðir óttast skort á honum. En við eðlilega þróun á friðartímum ætti þetta að komast í rétt horf á sama hátt, þegar frjáls viðskipti hefjast á ný. Fátt gæti stutt meira að heilbrigðri samkeppni í viðskiptum en frjáls gjald-eyrisviðskipti eða orðið farsælla til þess að koma á eðlilegum samskiptum þjóða milli.

Það ætti ekki að vera erfitt að benda á aðgerðir, sem mundu gera hvort tveggja í senn, létta á ofhlöðnu fjármálalífi og skerða þó ekki á neinn tilfinnanlegan hátt félagslegt öryggi almennings. Ber þá að forðast þær aðgerðir, sem til ógæfu leiða. Má þar nefna eina hjálparstarfsemina, sem mjög er tíðkuð, en er sérstaklega óheppileg, en það er niðurgreiðsla á vöruverði til „almenningsheilla“. Þar fellur hjálpin nákvæmlega jafnt þeim í skaut, sem þurfa

hennar, og hinna, sem engin þörf er á að styrkja. Styrkir til atvinnuvega stór- auka skatta án tilsvareandi gagns fyrir þá, sem þeirra njóta. Höft á viðskiptum hindra á sérstaklega leiðinlegan hátt frjálsa þróun. Kvóta þá og ítölur, sem þau hafa í för með sér, verður að miða við eitthvert umliðið tímabil, og er varla unnt að hugsa sér magnaðri brellu til þess að hindra allan nýgróður eða framfær einstakra vel rekinna fyrirtækja. Öllu slíku er settur stóllinn fyrir dyrnar. Á meginlandi Evrópu voru höftin víða samfara einræðisstjórn og fengu því maklegar óvinsældir af stjórnarfarinu öllu og hurfu með því. En í Svíþjóð til dæmis voru höft sett á vegna ófriðarins og þeim stjórnað með samvizkusemi. Hefur nú vaxið upp að kalla má heil kynslóð, sem þekkir naumast annað. Og ýmsir eru farnir að líta á höftin eins og hálfgerð náttúrulögmál og óttast glundroða, ef þau verði afnumin. Aftur á móti lét Vestur-Þýzkaland fjármálastjórnina annast nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þessar aðgerðir höfðu almenn og eðlileg áhrif á allt fjárhagskerfið, og eru þær meginundirstaða þeirra miklu framfara, sem þar hafa orðið á þessu sviði. Sýna þessi dæmi, hve miklu heilbrigðari sú stefna er að láta lögmál viðskiptanna ráða en hitt að káfa í einstakar greinar þeirra með höftum.

Meðan þessi reynsla er ný í hugum manna, ætti sú stefna að ná yfirhöndinni, sem viðurkennir, að „velferðarríkinu“ farnast því aðeins vel, að það sé látið vera laust við höft og hömlur þess opinbera. Hagkerfi, sem hneppa allt í forheimskandi eintrjáningshátt og loka úti frjálst framtak einstaklingsins, verða aftur úr, andlega og efnalega. Það er freistandi að vitna í orð Benjamins Constants, sem hann notaði 1813 gegn ofstjórn Napóleons: „L'uniformité,

c'est la mort; la variété, c'est la vie“ (einhæfnin, hún er dauði; fjölbreytnin, hún er lífið).

En hvernig næst svo bezt samstarf þessara þriggja undirstöðuafli: samkeppni, samhjálpar og fjölbreytni? Þar á ekki ávallt eitt og hið sama við. Varla munu nú margir vilja hverfa aftur að laissez-faire stefnunni frá tímunum fyrir 1914, þ. e. láta allt fara, sem fara vill. Trúin á frjáls viðskipti þarf ekki að merkja það, að allt skuli látið afskiptalaust. Peningar geta ekki stjórn- að sér sjálfir og mega ekki gera það.

Ríkisvaldið verður að grípa í taumana, ef viðskipti safnast á hendur auðhringa. Og slík dæmi mætti halda áfram að nefna. En þess verður jafnan að gæta að trufla ekki eðlilega verðmyndun eða reyna að steypa allt í einu móti. Í daglegu starfi að þessum málum er ekki hægt að ætlast til þess, að allt sé laukrétt, sem gert er. En þar sem samhjálparstefnan er nú á dögum einna vinsælust, verður að hafa vakandi auga á, að hinar stefnurnar verði ekki fyrir borð bornar. Því að án samkeppni og tilbreytni verður þróunin aldrei eðlileg.



## Úr ríkisreikningum 1953 og 1954

Í þessari grein eru birtar helztu niðurstöðutölur ríkisreikninga fyrir árin 1953 og 1954, þ. á. m. sundurliðun á tekjum og gjöldum og eignum og skuldum ríkissjóðs.

### *Inngangur.*

Í grein þessari verður greint frá fjármálum ríkissjóðs, eins og þau koma fram í ríkisreikningum fyrir árin 1953 og 1954. Einnig verður skýrt frá lagasetningu um fjáröflun, sem nauðsynleg hefur verið í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Þessu yfirliti er ekki ætlað að gefa heildarmynd af áhrifum fjármála ríkisins á hagkerfið, enda eru mikilvægir þættir í fjármálum ríkisstofnana utan við fjárhag ríkissjóðs sjálfs.

Fjárlög fyrir árið 1953 voru gefin út 2. febrúar 1953 sem lög nr. 4/1953, en fjárlög ársins 1954 voru gefin út 24. desember 1953 sem lög nr. 87/1953. Heildarupphæð fjárlaga ársins 1953 var 418,7 millj. kr., en 443,6 millj. kr. árið 1954. Rekstrarafgangur var áætlaður 38,5 millj. kr. árið 1953, en 38,0 millj. kr. árið 1954. Á sjóðsyfirliti var hagstæður jöfnuður 1,6 millj. kr. fyrra árið, en 0,3 millj. kr. síðara árið.

### *Lög um tekjuöflun.*

Ýmis lög voru sett um tekjuöflun í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Með lögum nr. 106/1952 var III. kafli laga nr. 100/1948 um tekjuöflun í dýrtíðarsjóð framlengdur til ársloka 1953, og með lögum nr. 75/1953 voru ákvæði sömu laga framlengd til ársloka 1954, en hér er um að ræða lög um álagningu söluskatts, sem er einn helzti

tekjustofn ríkissjóðs. Með lögum nr. 91/1952 voru framlengd fyrir árið 1953 ákvæði laga nr. 106/1950, en þau kváðu á um hækkun álags á vörumagnstoll úr 200% í 250%. Undanskildar hækkuninni skyldu þó nokkrar vörutegundir, svo sem kaffi, korn, sykur, salt, kol, steinolia og benzín. Enn fremur var endurnýjuð heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af ómöluðu korni, kornmjöli, grjónum og belgávöxtum og að lækka aðflutningsgjöld af sykri um helming. Með lögum nr. 12/1953 var felldur niður tollur af kaffi og sykri, og skyldi verzlunum endurgreidd aðflutningsgjöld af birgðum, sem þær áttu af þessum vörum 22. desember 1952. Með lögum nr. 76/1953 voru framlengd til ársloka 1954 sömu ákvæði um innheimtu aðflutningsgjalda með álagi og niðurfellingu aðflutningsgjalda af vissum vörutegundum og greint hefur verið frá hér að framan í sambandi við lög nr. 91/1952 og lög nr. 12/1953. Talsverðar breytingar voru gerðar á tollskrá með lögum nr. 36/1954 og breytingarnar síðar felldar inn í meginmál laga nr. 62/1939 og lögin síðan gefin út í heild nr. 90/1954. Ríkisstjórninni var heimilað með lögum nr. 102/1952 að innheimta á árinu 1953 ýmis gjöld með viðaukum. Sams konar heimild um innheimtu ýmissa gjalda á árinu 1954 var gerð með lögum nr. 77/1953. Með lögum nr. 111/1952 var framlengd heimild um að innheimta skemmtanaskatt á árinu 1953 með 200% álagi af kvikmyndasýningum og af öðrum

1. tafla. Rekstrarreikningar ríkissjóðs 1950—1954.

	1950		1951		1952		1953		1954	
	míllj.kr.	%	míllj.kr.	%	míllj.kr.	%	míllj.kr.	%	míllj.kr.	%
<b>A. Tekjur:</b>										
Skattar og tollar .....	209,8	68,5	317,8	76,9	317,2	75,5	391,2	76,7	422,7	76,7
þar af tekju- og eignarskattur .	44,8	14,6	47,6	11,5	57,6	13,7	60,2	11,8	68,9	12,5
— - vörumagnstollur .....	21,0	6,9	24,1	5,8	23,7	5,6	28,9	5,7	29,2	5,3
— - verðtollur .....	58,8	19,2	118,4	28,6	106,3	25,3	142,9	28,0	152,3	27,6
— - söluskattur .....	54,0	17,6	86,9	21,0	87,7	20,9	107,3	21,0	117,5	21,3
Tekjur af ríkisstofnunum (3. gr.)	89,2	29,1	88,9	21,5	94,5	22,5	112,8	22,1	121,3	22,0
þar af áfengisverzlunin .....	54,2	17,7	54,6	13,2	52,3	12,4	62,8	12,3	68,5	12,4
— - tóbakseinkasalan .....	27,8	9,1	32,4	7,8	37,0	8,8	41,9	8,2	43,9	8,0
Aðrar tekjur (4. og 5. gr.) .....	7,2	2,4	6,8	1,6	8,4	2,0	6,3	1,2	7,1	1,3
Samtals	306,2	100,0	413,5	100,0	420,1	100,0	510,3	100,0	551,1	100,0
<b>B. Gjöld:</b>										
Vextir (7. gr.) .....	5,7	1,9	3,2	0,8	5,0	1,2	5,1	1,0	3,5	0,6
Stjórn ríkisins (8.—10. gr.) .....	13,1	4,3	15,7	3,8	17,6	4,2	18,2	3,6	23,6	4,3
Dómsmál o. fl. (11. gr.) .....	26,3	8,6	32,1	7,8	38,1	9,1	42,9	8,4	44,4	8,1
Heilbrigðismál (12. gr.) .....	16,9	5,5	21,3	5,2	26,7	6,4	27,8	5,4	30,6	5,6
Samgöngur (13. gr.) .....	45,1	14,7	52,1	12,6	64,7	15,4	74,7	14,7	81,8	14,8
Kirkju- og kennslumál (14. gr.) .	43,1	14,1	50,8	12,3	59,3	14,1	64,8	12,7	70,2	12,7
Visindi og listir (15. gr.) .....	6,9	2,3	9,1	2,2	10,4	2,5	11,8	2,3	12,7	2,3
Landbúnaðarmál (16. gr. a.) ....	27,1	8,8	34,7	8,4	39,1	9,3	44,0	8,6	37,6	6,8
Önnur atvinnumál (16. gr. b.—d.)	13,6	4,4	11,2	2,7	12,0	2,9	16,4	3,2	20,9	3,8
Félagsmál (17. gr.) .....	28,1	9,2	36,5	8,8	41,7	9,9	52,2	10,2	54,7	9,9
Eftirlaun (18. gr.) .....	8,1	2,6	9,7	2,3	11,4	2,7	13,0	2,5	13,8	2,5
Dýrtíðarráðstafanir og óviss út- gjöld (19. gr.) .....	31,1	10,2	28,1	6,8	31,7	7,5	52,8	10,4	58,8	10,7
Rekstrarhagnaður .....	41,1	13,4	109,0	26,3	62,4	14,8	86,6	17,0	98,5	17,9
Samtals	306,2	100,0	413,5	100,0	420,1	100,0	510,3	100,0	551,1	100,0

skemmtunum með 20% álagi, leiksýningar, hljómleikar innlendra manna og sýningar á íslenskum kvikmyndum voru þó undanþegnar álaginu. Samsvarandi framlenging var gerð fyrir árið 1954 með lögum nr. 86/1953. Tekjuskattsviðauki á tekjur umfram 8 þús. kr. var framlengdur með lögum nr. 108/1952, og nam hann 2—12% af skattskyldum tekjum. Með sömu lögum voru framlengd ákvæði laga nr. 60/1950 um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Með lögum nr. 41/1954 um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar allmiklar breytingar á skattlagningu einstaklinga. Með breytingunum var í fyrsta lagi stefnt að því að gera skattlagningu einfaldari með því, að í stað þriggja skatta, tekjuskatts, stríðsgróðaskatts og tekjuskattsviðauka, kom einn almennur tekjuskattur, en notaðir voru tveir

skattstig, annar fyrir einhleypa og hinn fyrir hjón. Í öðru lagi var skuldlaust spari-fé gert skattfrjálst og afnumin framtals-skylda á því. Þá var í lögum nr. 48/1954 ákveðið, að ekki mætti leggja útsvar á skattfrjálssparinnstæður eða vexti af þeim. Í þriðja lagi voru frádráttarheimildir allmög auknar, einkum til þess að létta skatta fjölskyldumanna og sjómanna. Samkvæmt áætlun skattstofunnar höfðu breytingarnar í för með sér meðaltalslækkun um 29% af sköttum einstaklinga. Engar breytingar voru gerðar á skattstiga þeim, sem félög, önnur en samvinnufélög, eru skattlögð eftir, en gjaldendum hins vegar veittur 20% afsláttur af skattgjaldi. Um frekari upplýsingar þessu viðvíkjandi vísast til greinar um endurskoðun skattalaga, sem birtist í 1. hefti Fjármálatíðinda 1954 á 40.—42. bls.

2. tafla. Sjóðsyfirlit ríkissjóðs 1950—1954.

Inn:	1950	1951	1952	1953	1954
1. jan. Sjóður frá f. ári .....	2,2	8,2	18,3	17,0	2,8
Tekjur samkv. rekstrarreikningi .....	306,2	413,5	420,1	510,3	551,1
Eignahreyfingar .....	104,2	155,9	88,0	31,8	34,1
Lækkun á innstæðum í bönkum .....	—	22,7	40,7	1,6	—
Samtals	412,6	600,3	567,1	560,7	588,0
Út:					
Gjöld samkv. rekstrarreikningi .....	265,1	304,5	357,7	423,7	452,6
Eignahreyfingar .....	124,9	239,5	154,5	134,2	85,7
Hækkun á innstæðum í bönkum .....	14,4	—	—	—	2,3
Lagt í banka til sérstakrar ráðstöfunar .....	—	38,0	—	—	23,0
Önnur ráðstöfun á hagnaði .....	—	—	37,9	—	12,0
Sjóður 31. desember .....	8,2	18,3	17,0	2,8	12,4
Samtals	412,6	600,3	567,1	560,7	588,0

ATH. Til skýringar á liðnum „önnur ráðstöfun á hagnaði“ skal þess getið, að 37,9 millj. kr., sem þar eru færðar 1952, eru ráðstöfun á þeim 38 millj. kr., sem lagðar voru í banka til sérstakrar ráðstöfunar af hagnaði ársins 1951. Jafnframt koma þessar 37,9 millj. kr. til lækkunar á banka-innstæðum á árinu 1952. Þannig nemur lækkun á bankainnstæðum vegna annarra ráðstafana 2,8 millj. kr. Þeim upphæðum, sem á árinu 1954 eru færðar undir liðina „lagt í banka til sérstakrar ráðstöfunar“ og „önnur ráðstöfun á hagnaði“, samtals 35 millj. kr., hefur nú verið ráðstafað með lögum nr. 51/1955.

Aflkoma ríkissjóðs.

Rekstrarafkoma ríkisins var ágæt bæði árið 1953 og 1954, og varð rekstrarhagnaður alls 86,6 millj. kr. fyrra árið eða 48,1 millj. kr. meiri en áætlað hafði verið í fjárlögum, en 98,5 millj. kr. síðara árið, sem er 60,5 millj. kr. meira en áætlað hafði verið á fjárlögum þess árs. Rekstrarreikningar ríkissjóðs árin 1950—1954 eru sýndir á 1. töflu. Rekstrarafgangur hefur verið mjög mikill þessi ár, en það gefur ófullkomna mynd af afkomu ríkissjóðs, þar sem mikil umframútgjöld hafa verið á eignahreyfingareikningi. Af rekstrarafgangi ársins 1954 var 35 millj. kr. ráðstafað með lögum nr. 51/1955, en það var allur greiðsluafgangur ársins, þegar frá hafa verið dregin útgjöld á eignahreyfingareikningi. Sjóðsyfirlit ríkissjóðs er sýnt á 2. töflu.

Útgjöld ríkissjóðs á eignahreyfingareikningi námu 134,2 millj. kr. árið 1953 og 85,7 millj. kr. árið 1954, en höfðu á fjárlögum verið áætluð aðeins 41,9 millj. kr. fyrra árið og 40,9 millj. kr. síðara árið. Útgjöld til alls konar framkvæmda, kaupa á tækjum og

eignaaukningar hjá ríkisstofnunum námu 41,8 millj. kr. 1953 og 45,5 millj. kr. 1954. Lánveitingar og hliðstæðar greiðslur námu 38,0 millj. kr. fyrra árið og 19,2 millj. kr. síðara árið, þar af voru greiðslur vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum 8,6 millj. kr. fyrra árið og 8,7 millj. kr. síðara árið. Auk þess, sem talið hefur verið, voru ýmis óvirk útgjöld færð á eignahreyfingareikning, svo sem afborganir af föstum lánum ríkissjóðs, sem námu 16,5 millj. kr. 1953 og 14,2 millj. kr. 1954, og greiddar lausaskuldir 29,1 millj. kr. fyrra árið og 3,6 millj. kr. síðara árið.

Tekna megin á eignahreyfingareikningi eru auk fyrninga og endurgreiddra lána lántökur ríkisins, en innlendar fastar lántökur námu 3,2 millj. kr. 1953, þar af 2,2 millj. kr. vegna fjárskipta. Nýjar innlendar lausaskuldir námu 5,6 millj. kr. og erlendar lausaskuldir 0,5 millj. kr. 1953. Fé, sem borgað var inn til geymslu, nam á því ári 13,2 millj. kr. Á árinu 1954 var ekki um aðrar lántökur ríkissjóðs að ræða en lán vegna fjárskipta 0,7 millj. kr., en innborgað fé til geymslu nam 17,7 millj. kr.

3. tafla. Efnahagsreikningar ríkissjóðs í árslok 1950—1954.


	1950		1951		1952		1953		1954	
	þús. kr.	%	þús. kr.	%	þús. kr.	%	þús. kr.	%	þús. kr.	%
<i>Eignir:</i>										
I. Sjóður hjá ríkisféhirði	8.196	1,4	18.303	2,2	16.957	1,8	2.779	0,3	12.395	1,1
II. Innstæður í bönkum	28.964	4,8	44.242	5,4	5.496	0,6	12.972	1,3	40.226	3,7
III. Aðrar innstæður	9.543	1,6	8.735	1,1	4.695	0,5	6.102	0,6	6.494	0,6
IV. Sjóðir	118.368	19,7	130.905	15,9	146.993	15,9	191.387	19,3	216.335	19,7
V. Hlutfé og framlag til ým- issa fyrirtækja	36.255	6,0	37.348	4,5	42.558	4,6	47.712	4,8	50.975	4,7
VI. Veitt lán	179.238	29,9	340.997	41,4	428.773	46,4	410.258	41,2	404.902	37,0
VII. Ýmis verðbréf og kröfur	7.052	1,2	21.855	2,7	45.127	4,9	54.655	5,5	55.772	5,1
VIII. Ríkisfyrirtæki	157.392	26,2	162.195	19,7	167.882	18,2	191.721	19,3	222.605	20,3
IX. Fasteignir	52.653	8,8	58.272	7,1	65.202	7,1	74.521	7,5	83.640	7,6
X. Fyrirframgreitt v/ næsta árs fjárlaga	2.650	0,4	—	—	—	—	2.404	0,2	2.054	0,2
Samtals	600.311	100,0	822.852	100,0	923.683	100,0	994.511	100,0	1.095.398	100,0
<i>Skuldir:</i>										
I. Innlend lán	126.709	21,1	123.842	15,1	120.882	13,0	110.901	11,2	104.128	9,5
II. Erlend lán	106.888	17,8	192.025	23,3	221.773	24,0	216.843	21,8	212.890	19,5
III. Lausaskuldir:										
a) innlendar	90.954	15,2	78.244	9,5	75.289	8,2	70.664	7,1	67.771	6,2
b) erlendar	897	0,1	6.151	0,7	5.169	0,6	2.172	0,2	1.462	0,1
IV. Geymt fé	30.649	5,1	50.655	6,2	67.093	7,3	72.918	7,3	86.857	7,9
V. Eignir umfram skuldir	244.214	40,7	371.935	45,2	433.477	46,9	521.013	52,4	622.290	56,8
Samtals	600.311	100,0	822.852	100,0	923.683	100,0	994.511	100,0	1.095.398	100,0

*Skuldir og ábyrgðir.*

Skuldir ríkissjóðs að frádregnu geymdu fé námu 400,6 millj. kr. árið 1953 og 386,3 millj. kr. 1954, eins og sjá má á 3. töflu, sem sýnir efnahagsreikninga ríkissjóðs í árslok 1950—1954. Línurit á næstu síðu sýnir, hve miklar skuldir ríkissjóðs hafa verið í hlutfalli við rekstrartekjur hans undanfarin 20 ár, en það er góður mælikvarði á hina raunverulegu skuldabyrði. Er hún nú aðeins fjórði hluti þess, sem hún var fyrir stríð. Föst innlend lán námu 110,9 millj. kr. í árslok 1953 og 104,1 millj. kr. 1954. Upphæð fastra erlendra lána var 216,9 millj. kr. í árslok 1953 og 212,9 millj. kr. 1954. Í árslok 1954 skiptast þau þannig á lönd: lán í Danmörku 4,1 millj. kr., lán í Englandi 51,6 millj. kr., lán í Bandaríkjunum (Marshallán) 87,1 millj. kr. og Alþjóðabankalán 70,1 millj. kr. Innlendar lausa-

skuldir voru samkvæmt ríkisreikningum í árslok 1954 67,8 millj. kr., en erlendar lausaskuldir 1,5 millj. kr.

Lánaábyrgðir ríkissjóðs námu í árslok 1954 481,8 millj. kr. samkvæmt ríkisreikningum. Nokkuð mun skorta á, að skýrsla ríkisreikninga um ábyrgðir ríkissjóðs sé tæmandi, má t. d. á það benda, að skuld Lánadeildar smábúðarhúsa að upphæð 27,9 millj. kr. í árslok 1954 er hvorki talin á skýrslu um ábyrgðir ríkissjóðs né á reikningum ríkissjóðs sjálfs. Sama er að segja um lánveitingu bankanna til Raforkusjóðs, er nam í árslok 1954 18 millj. kr. Auk þessa ber enn fremur að hafa það í huga, að ríkissjóður ber lögum samkvæmt ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans og Búnaðarbankans, á innstæðufé Útvegsbankans og á öllum innlendum skuldbindingum Framkvæmdabankans.



## Fréttabættir

Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða — Útgerð og aflabrogð — Landbúnaður — Bátagjaldeyri — Bifreiðainnflutningur — Ríkisfjármálin — Íbúðalán og vísitölubréf — Vísitala byggingarkostnaðar — Mannfjöldi á Íslandi — Viðskiptasamningar — Gengi — Peningamarkaðurinn.


### Utanríkisviðskipti og gjaldeyrisstaða.

Verzlunarjöfnuðurinn var orðinn óhagstæður um 311 millj. kr. í lok októbermánaðar í ár, en það er 115 millj. kr. meira en á sama tíma í fyrra og 27 millj. kr. meira en í októberlok 1953. Útflutningurinn fyrstu tíu mánuði ársins var 11 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra, og stafar því aukning verzlunarhallans eingöngu af auknum innflutningi, einkum á síðara helmingi ársins.

Helztu breytingar, sem orðið hafa á útflutningsverzluninni fyrstu þrjá ársfjórð-

ungana 1955 miðað við sama tímabil 1954, eru þær, að útflutningur saltfisks hefur aukizt allmikið, en samdráttur orðið á útflutningi freðfisks vegna minni útflutnings til Bandaríkjanna. Útflutningur skreiðar er einnig mun minni en í fyrra, enda hafa sölur gengið treglega. Í skiptingu útflutnings á greiðslusvæði er helzta breytingin sú, að nokkur aukning hefur orðið á útflutningi til vöruskiptalanda og einnig dálítill aukning til E.P.U.-landa. Útflutningur til Bandaríkjanna hefur minnkað, en innflutningur þaðan hins vegar aukizt. Voru vöruskiptin

Utanríkisviðskipti mánaðarlega og í millj. kr.



## Gjaldeyrisviðskipti bankanna 1954 og 1955.

	1954				1955		
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.
Keyptur gjaldeyrir:							
a) Andvirði útflutnings .....	233,3	220,1	183,9	282,5	216,2	193,8	235,4
b) Duldar tekjur .....	50,6	55,1	78,8	75,6	49,1	57,4	76,3
Lán, endurgreiðsla o. fl. ....	4,6	4,9	8,0	1,2	1,3	2,8	0,5
Innkomin gjaldeyrir samtals .....	288,5	280,1	270,7	359,3	266,6	254,0	312,2
Útlátinn gjaldeyrir samtals .....	254,8	342,8	279,1	309,5	293,4	360,7	346,6
Greiðslujöfnuður .....	33,7	÷ 62,7	÷ 8,4	49,8	÷ 26,8	÷ 106,7	÷ 34,4

við Bandaríkin 52 millj. kr. óhagstæðari fyrstu þrjá ársfjórðunga í ár en á sama tíma í fyrra. (Tölur I–IV aftast í heftinu sýna inn- og útflutning, það sem af er árinu.)

Greiðslujöfnuður bankanna á þriðja ársfjórðungi þessa árs varð óhagstæður um 34,4 millj. kr., eins og taflan að ofan sýnir, og í lok þriðja ársfjórðungs var greiðslujöfnuðurinn orðinn óhagstæður um 167,9 millj. kr., og er það 134,2 millj. kr. óhagstæðari jöfnuður en á sama tímabili í fyrra. Í október og nóvember batnaði gjaldeyrisstaðan um 16,4 millj. kr.

Bankarnir voru í nóvemberlok í 27 millj. kr. gjaldeyrissskuld við útlönd, en á sama tíma í fyrra nam inneign þeirra 109 millj. kr. Við þessa skuld bætast skuldbindingar bankanna vegna ábyrgða og greiðsluheimilda, er námu alls 115 millj. kr.

Eins og þessar tölur bera með sér, er ástandið í gjaldeyrismálunum mjög alvarlegt. Miklar birgðir af útflutningsvörum eru enn í landinu, en þær eru hvergi nægar til að vega upp á móti versnandi gjaldeyrisstöðu. Hið alvarlegasta er, að eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri fer sívaxandi vegna verðþenslunnar í landinu. Á þriðja ársfjórðungi var útlátinn gjaldeyrir t. d. 67 millj. kr. meiri en á sama tíma í fyrra. Ekkert útlit er fyrir, að gjaldeyristekjurnar muni vaxa að sama skapi. Fiskaflinn er að vísu vaxandi, en hins vegar eru gjaldeyristekjurnar vegna varnarliðsins allmiklu minni en undanfarin tvö ár. Það verður því að finna einhver ráð til að draga úr hinni gífurlegu eftirspurn eftir innfluttum vör-

um, ef takast á að rétta við gjaldeyrisstöðuna.

## Útgerð og aflabrogð.

Afli á síldveiðum sunnan lands og vestan hefur verið dágóður undanfarna mánuði og allmiklu betri en á síðasta ári, enda hættu þá veiðar snemma í októbermánuði, meðal annars vegna mikils veiðarfæratjóns af völdum háhyrnings. Í ár hafa allmargir bátar haldið áfram veiðum allan nóvember og fram í þennan mánuð, enda fékkst loforð ríkisstjórnarinnar fyrir áframhaldandi uppbótum á söltun Faxasíldar.

Hinn 19. nóvember s.l. nam heildarafla- magn reknetjabátanna 182 þús. málum og tunnum, en þar af höfðu 88 þús. tonnur verið saltaðar. Heildaraflinn í fyrra varð alls 168 þús. mál og tonnur, þar af 79 þús. tonnur í salt.

Karfaveiðar togaranna hafa gengið afbragðsvel í ár, enda hafa enn fundizt ný karfamið. Siglingar togara með ísfisk til Þýskalands hófust í september, og seldu 9 íslenzkir togarar þar í þeim mánuði. Var verðið mjög lágt seinni hluta mánaðarins vegna hins gífurlega karfaafla. Í október seldu 10 togarar, og var verð þá mun betra. Hélt það áfram að batna í nóvember, en þá seldu 17 togarar afla sinn þar.

Heildarfiskaflinn á þriðja ársfjórðungi þessa árs nam 88,8 þús. smálestum, sem er lítið eitt minna en á sama tímabili í fyrra. Til októberloka hafði heildarfiskaflinn numið alls 371,2 þús. tonnum, en 354,3 þús. tonnum á sama tímabili á síðasta ári. Aukn-

ingin frá fyrra ári stafar svo að segja eingöngu af auknum afla bátaflotans. (Töflur V-VII aftast í heftinu sýna fiskaflann og sundurliðun hans.)

Hvalvertíðin stóð yfir frá 29. maí til 21. september, og gekk veiði betur en nokkru sinni, síðan þessar veiðar hófust. Veiddust alls 400 hvalir, en aðeins 334 s.l. ár. Framleiðsla hvalafurða var sem hér segir:

	1954	1955
Lýsi .....	1.786	2.249
Kjöt .....	1.438	1.899
Rengi .....	123	128
Mjöl .....	853	1.281

#### Landbúnaður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að alvarlegt ástand skapaðist hjá nær tveimur þriðju allra bænda landsins vegna hinna miklu óþurrka í sumar. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að hlaupa undir bagga með því að veita bændum 12 millj. kr. lán til fóðurkaupa. Útflutningur á fóðurbæti var stöðvaður algjörlega um tíma, en síðan séð um, að ávallt væru nægar birgðir fyrirleggjandi í landinu. Og ráðstafanir voru gerðar til þess, að flutt yrði inn verulegt magn af útlendum fóðurbæti.

Innvegin mjólk í mjólkurbú fyrstu þrjá ársfjórðunga 1955 nam 43.856 tonnum, og er það 7,6% aukning frá því, sem var á sama tímabili 1954. Sala nýmjólkur fyrstu

þrjá ársfjórðunga 1955 var 19.489 þús. lítrar eða 8,3% meiri en á sama tímabili árið áður. Að öðru leyti vísast til VIII. töflu aftast í heftinu um framleiðslu og sölu mjólkurafurða.


Kjötframleiðslan 1955 varð meiri en mörg undanfarin ár, enda hefur sauðfjáreignin verið í örum vexti eftir fjárskiptin. Auk þess var óvenju fátt fé sett á vetur, þar sem heyfingur var mjög lélegur hjá mörgum bændum vegna óþurrkanna. Samkvæmt bráðabirgðatölum var slátrað í sláturhúsum um 481.500 fjár, en 318.466 í fyrra. Heildarkjöt magnið af þessu fé var 7.032 tonn, og er það 2.425 tonnum meira en árið áður.

Nýlega hafa borizt endanlegar tölur um kartöfluuppskeruna í ár, en samkvæmt þeim hefur hún verið í góðu meðallagi, þ. e. 95.170 tonn, þar af í Reykjavík um 32.800 tonn.

#### Bátagaldeyrir.

Bátagaldeyrisfyrirkomulagið var framlengt með þeirri breytingu einni í ársbyrjun 1955, að útgáfa skirteina út á vertíðarfisk var lækkuð úr 50% í 45% af andvirði gjaldeyris skilað til bankanna. Var þetta gert með hliðsjón af því, að afli bátaflotans hafði aukizt stórlega.

Vegna kauphækkana og hækkandi framleiðslukostnaðar síðan í vor töldu útvegs- menn tekjur af bátagaldeyriskerfinu orðn-



Fiskafliinn ársfjórðungslega, skipt á togara og báta og í þúsundum tonna.



ar ófullnægjandi í haust. Gripu þeir því til þess ráðs 3. nóvember að hækka álagið á skírteini í frjálsu gjaldeyri úr 60% í 70% og á vöruskiptagjaldeyri úr 25% í 40%.

Hækkun þessi var framkvæmd án samþykkis ríkisstjórnarinnar og þrátt fyrir þá staðreynd, að óseld báttagjaldeyrisskírteini hafa hlaðizt upp á árinu. Sala skírteina hefur haldizt nokkurn veginn óbreytt undanfarin tvö ár, en hins vegar hefur vaxandi framleiðsla og hærri verðlag valdið aukinni útgáfu skírteina. Er ástandið í þessum efnunum orðið alvarlegt, þar sem nú er mikið óselt af innflutningsréttindum, og virðist hækkun álagsins sízt líkleg til lausnar á því vandamáli.

#### Bifreiðainnflutningur.

Eins og um hefur verið getið í Fjármálatíðindum, sjá 1. hefti 1954, 38. bls., var ákveðið með bráðabirgðalögum um aðstoð við togaraútgerðina, sem gefin voru út 6. ágúst 1954, að leggja sérstakt 100% leyfisgjald á innflutningsleyfi fyrir fólks- og sendiferðabifreiðum frá löndum með frjálsan gjaldeyri, en 60% gjald á samskonar innflutning frá Rússlandi og Tékkó-Slóvakíu. Gjaldið skyldi renna í sérstakan sjóð, sem verja átti til að greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk.

Hinn 11. september 1954 var tekið að veita innflutningsleyfi fyrir bifreiðum í samræmi við fyrrgreinda lagasetningu. En frá þeim tíma til 1. nóvember 1955 var útlutað samtals 3.679 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum frá 9 löndum, en flestar voru þær frá Bandaríkjunum, 1.718. Af 2.319 bifreiðum var greitt 100% togargjald og af 494 bifreiðum 60%. Aðrar bifreiðir voru vörubifreiðir og jeppar, en af þeim greiðist ekkert togargjald.

Frá stofnun togarastyrktarsjóðsins til 1. nóvember s.l. höfðu verið innborgaðar í hann 53,6 millj. kr., en útborgaðar 35,8 millj. kr. Að óbreyttum styrkjum mun það fé, sem fengið er í sjóðinn, endast fram að næstu vertíðarlökum.

Innflutningur bifreiða hefur, frá því tekið var að veita innflutningsleyfi fyrir bif-

reiðum í samræmi við lögum um aðstoð við togaraútgerðina, verið meiri en nokkru sinni fyrr á jafn skömmum tíma. Á tímabilinu frá 1. september 1954 til 1. nóvember 1955 voru fluttar inn samtals 3.240 bifreiðir, og nam heildarverðmæti þeirra 100 millj. kr., en það miðast að sjálfsögðu við cifverð varanna. Á fyrrgreindu tímabili hafa því verið fluttar inn 250 bifreiðir í mánuði hverjum að meðaltali.

#### Ríkisfjármálin.

Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjur og gjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi í októberlok síðastliðin þrjú ár í millj. kr.:

	Tekjur	Gjöld	Rekstrar- afgangur
1953 . . . . .	363,3	306,6	56,7
1954 . . . . .	396,8	337,2	59,6
1955 . . . . .	463,9	371,3	92,6

Af yfirliti þessu sést, að rekstrarafkoman fram til októberloka í ár er stórum betri en á sama tíma næstu tvö árin á undan, og var þó rekstrarafkoma ríkissjóðs mjög góð bæði árin.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs gefur ófullkomna mynd af áhrifum ríkisfjármála á hagkerfið, þar sem mikið er um útgjöld utan rekstrarreiknings og venjulega er miklum hluta rekstrarafgangs ráðstafað til beinna útgjalda á eignahreyfingareikningi. Enn er of snemmt að segja um, hver útkoman verður á þessu ári, þar sem ekki er enn búíð að ákveða, hvernig ráðstafa skuli hinum mikla rekstrarhagnaði, sem áreiðanlega verður. Með tilliti til þeirrar verðpenslu, sem hér er ríkjandi, er það tvímælalaust æskilegt, að engu af rekstrarafganginum sé varið til eyðslu, en hann í þess stað notaður til að bæta stöðu ríkissjóðs gagnvart seðlabankanum, en það mundi hamla stórlega gegn vaxandi peningapenslu.

#### Íbúðalán og vísitölubréf.

Í síðasta hefti Fjármálatíðinda var skýrt frá því, að Húsnæðismálastjórn væri tekin til starfa og að hún hefði auglýst eftir umsóknum eftir hinum nýju íbúðalánum. Um-

sóknarfresti lauk 1. október, og höfðu þá borizt hálf þriðja þúsund umsóknir. Sýnir sú feiknaeftirspurn, hve gífurlegur fjöldi húsa er nú í byggingu í landinu, og eru þau í rauninni mun fleiri en fjármagn og mannaflí þjóðarinnar leyfir.

Úthlutun lána úr veðdeildinni hófst um miðjan október, og var farið að afgreiða lánin 1. nóvember. Alls var búið að úthluta lánnum að upphæð um 37 millj. kr. um miðjan desember, þar með talin B-lán, en líklegt er, að sumt af því komi ekki til afgreiðslu fyrr en eftir áramót. Af þessari heildarupphæð hafa Byggingarsjóði sveitanna verið veittar 12 millj. kr. samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Hin nýju skattfrjálsu vísitölubréf veðdeildarinnar voru boðin út af veðdeildinni 14. nóvember. Var þetta B-flokkur 1, og er grunnvísitala hans 173 stig, en það er framfærsluvísitala nóvembermánaðar. Sala bréfanna gekk greiðlega, og var nærri sjö millj. kr. virði af þeim selt á rúmri viku. Var sala þá stöðvuð, þar sem ekki lágu enn þá fyrir umsóknir um vísitölulán fyrir hærri upphæð. Lítið eitt til viðbótar eða rúmar 2 millj. kr. var boðið út af sama flokki 16. desember. Lágu fyrir pantanir fyrir nokkrum hluta þessarar upphæðar.

Reynsla sú, sem fengin er af vísitölubréfunum, bendir til þess, að almenningsur áliti þau hagkvæmt sparnaðarform, þar sem þau eru bæði skattfrjáls og féð tryggt gegn verðfalli peninganna. Ef vel gengur með sölu á þeim í framtíðinni, geta þau orðið til þess að auka sparnaðarvilja manna. Jafnframt mundi það sýna, að leiðin til að auka sparifjáröfnun þjóðarinnar er sú að bæta hag sparifjáreigenda, svo að þeir sjái eignum sínum vel borgið í formi verðbréfa og innstæðna.

#### Vísitala byggingarkostnaðar.

Á XI. töflu aftast í heftinu er birt yfirlit yfir vísitölu byggingarkostnaðar, en hún er eina verðvísitalan, sem reiknuð er út hér á landi, sem sýnir þróun mikilvægra innlendra verðlagsþátta annarra en neytluvöruverð-

lags. Vísitalan sýnir byggingarkostnað í Reykjavík og er samkvæmt lögum nr. 87/1943 miðuð við vegið meðaltal hvernar vöru og þjónustu í vísitölugrundvellingnum á tímabilinu frá októberbyrjun til septemberloka hvert ár. Samkvæmt þessari útreikningsaðferð reyndist vísitala byggingarkostnaðar fyrir tímabilið 1. október 1954 til 30. september 1955 vera 904 stig, en var fyrir næsta tímabil á undan 835 stig, og er það hækkun um 8%.

Sé vísitalan reiknuð út miðað við ákveðinn dag á hverju ári, t. d. 1. október, fæst að jafnaði önnur niðurstaða, hafi verið um að ræða verðbreytingar á tímabilinu, og getur munað verulegu, ef miklar breytingar á kaupgjaldi og verðlagi hafa átt sér stað. Á síðastliðnu sumri urðu miklar kauphækkunarir, sem hafa veruleg áhrif á vísitöluna, ef miðað er við 1. október 1955, en hins vegar miklu minni á meðalverðið 1. október 1954 til 30. september 1955. Sömuleiðis hækkuðu sumar tegundir byggingarefnis, svo sem timbur og sement, á síðara hluta vísitöluársins. Vísitala byggingarkostnaðar í Reykjavík miðað við verðlag 1. október 1955 var 969 stig, en miðað við 1. október 1954 var hún 835 stig. Hækkunin nemur því 16%, sem er 8% meira en ef miðað er við meðalvísitöluna.

#### Mannfjöldi á Íslandi 1954.

Í októberhefti Hagtiðinda 1955 er birt yfirlit yfir mannfjölda á Íslandi 1. desember 1953 og 1954 samkvæmt allsherjarspaldskránni. Upplýsingar þær, sem hér fara á eftir um mannfjöldann, eru teknar þaðan.

Eftirfarandi tafla sýnir mannfjöldann 1. desember 1953 og 1954, skipt á kaupstaði, kaupstún og sveitir.

#### Mannfjöldi 1953 og 1954.

	1953	1954
Reykjavík .....	60.124	62.035
Aðrir kaupstaðir .....	33.729	34.791
Kauptún með fleiri en 300 íbúa	21.863	22.681
Kauptún með færri en 300 íbúa	2.312	2.291
Sveitir .....	34.478	34.235
Samtals	152.506	156.033

Samkvæmt framangreindum tölum hefur fólksfjöldunin á öllu landinu numið 3.527 á árinu 1954 eða 23,1 af þúsundi miðað við fólksfjöldann 1. desember 1953. Í Reykjavík hefur fólksfjöldunin verið 3,18%, í öðrum kaupstöðum 3,15%, í kaupstöðum með fleiri en 300 íbúa 3,74%, í kaupþúnum með færri en 300 íbúa hefur hins vegar orðið fækkun um 0,91% og í sveitum sömuleiðis fækkun um 0,70%.

*Hjónavígslur.* Tala hjónavígslna á öllu landinu 1954 var 1.429. Miðað við meðal-mannfjölda ársins er hlutfallstalan 9,3 á þúsund, og er það hæsta hlutfall, sem um getur hér á landi. Áður hefur hlutfall hjónavígslna orðið hæst 1942, 8,7 á þúsund. Er líklegt, að ný ákvæði um persónufrádrátt samkvæmt lögum nr. 41/1954, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignaskatt, hafi haft áhrif í þá átt, að allmargt fólk í óvígðri sambúð hefur gengið í hjónaband, auk þess sem almenn velmegun hefur átt sinn þátt í hinni háu hjónavígslutölu.

*Fæðingar.* Árið 1954 var tala lifandi fæddra barna 4.286 eða 27,8 á hvert þúsund landsmanna. Er það álíka hátt og árin 1951 og 1952, en heldur lægra en 1950 og 1953, en þau ár var hlutfallstalan 28,7 á þúsund, og er það hæsta hlutfallstala síðan um aldamót. Tala andvana fæddra barna var 68 árið 1954, en 69 árið áður.

*Mann dauði.* Árið 1954 dóu hér á landi 1.043 manns eða 6,8 af hverju þúsundi landsmanna. Er það langlægsta manndauðahlutfall, sem vitað er um hér á landi. Gera má ráð fyrir, að þessi tala hækki eitthvað, þar sem ekki er víst, að allar dánarskýrslur hafi enn borizt.

*Mannfjöldun.* Hin eðlilega mannfjöldun, sem er mismunurinn á tölu lifandi fæddra og dáinna, var 3.243 árið 1954 eða 2,10% miðað við meðalmannfjölda ársins. Síðustu 5 árin hefur hin eðlilega mannfjöldun verið sem hér segir:

1950 . . . . .	2,04%
1951 . . . . .	1,96%
1952 . . . . .	2,03%
1953 . . . . .	2,13%
1954 . . . . .	2,10%.

Ef engir mannflutningar væru til landsins eða frá því, mundu þessar tölur sýna raunverulega fólksfjöldun, en vegna flutninganna getur raunverulega fólksfjöldunin ýmist orðið meiri eða minni en hin eðlilega. Að framan hefur verið minnt á raunverulega fólksfjöldun 1954, en hún var 3.527.

Tölurnar fyrir 1954 eru ekki lokatölur og kunna því að breytast eitthvað, einkanlega fæðingar- og dánartölurnar.

#### Viðskiptasamningar.

*Rússland.* Hinn 23. september 1955 var undirrituð í Moskvu bókun um gagnkvæmar vöruafhendingar frá Íslandi og Rússlandi á árinu 1956. Er bókunin gerð á grundvelli viðskiptasamnings frá 1. ágúst 1953. Gert er ráð fyrir, að Íslendingar afhendi til Rússlands á tímabilinu 20 þús. tonn af frystum fiski, 15 þús. tonn af saltsíld og ýmsar vörur fyrir 2 millj. kr. Frá Rússlandi er meðal annars gert ráð fyrir, að flutt verði inn 230 þús. tonn af brennsluólíum, 40 þús. tonn af bifreiðabenzíni, 50 þús. tonn af sementi, 40 þús. m<sup>3</sup> af timbri, 3 þús. tonn af steypustyrktarjárn, 5 þús. tonn af hveiti, hveitimjöli og hveitiklíði, 140 bifreiðir og ýmsar vörur fyrir 10 millj. kr. Jafnframt var hækkuð yfirdáttarheimild Þjóðbanka landanna hjá hvor öðrum úr 10 millj. kr. í 20 millj. kr.

*Tékkó-Slóvakía.* Hinn 24. september 1955 var undirrituð í Prag bókun um gagnkvæmar vöruafhendingar frá Íslandi og Tékkó-Slóvakíu á tímabilinu 1. september 1955 til 31. ágúst 1956. Er bókun þessi gerð á grundvelli viðskiptasamnings frá 31. ágúst 1954. Er gert ráð fyrir, að Íslendingar afhendi til Tékkó-Slóvakíu 8.000 tonn af freðfiski, 1.000 tonn af saltaðri og frystri síld, 1.000 tonn af fiskimjöli og ýmsar vörur fyrir 1,5 millj. tékkneskar krónur. Helztu vörur, sem gert er ráð fyrir, að fluttar verði inn frá Tékkó-Slóvakíu, eru meðal annars vefnaðarvörur fyrir 4,7 millj. tékn. kr., gúmmískófatnaður fyrir 2,5 millj. tékn. kr., leður-skófatnaður fyrir 1,3 millj. tékn. kr., járn- og stálvörur fyrir 4,2 millj. tékn. kr. auk fjölda annarra vara.

*Rúmenía.* Hinn 12. október 1955 var undirrituð í Genf bókun um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Rúmeníu frá 13. apríl 1954. Er samningurinn framlengdur óbreyttur til 31. desember 1956.

*Kúba.* Hinn 3. október 1955 var undirritaður í Washington viðskiptasamningur milli Íslands og Kúbu. Samningurinn gildir frá 18. október 1955 til 3. október 1958, en þó getur hvor aðili sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara hvenær sem er á tímabilinu. Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir, að Íslendingar kaupi á Kúbu tvo þriðju af árlegri sykurneyzlu sinni, en þó aldrei minna en 4.000 tonn árlega á samningstímabilinu. Enn fremur er gert ráð fyrir að flytja inn vindla frá Kúbu fyrir að minnsta kosti 5.000 dollara og romm fyrir 3.000 dollara. Um útflutning íslenzkra afurða til Kúbu er það tekið fram, að afurðir allt að 750 þús. dollara virði skuli njóta þeirra beztu kjara, sem í gildi eru um innflutning til Kúbu á samningstímabilinu, að undanskildum tollaívilnunum og sérstökum friðindum, sem Kúba veitir Bandaríkjunum einum. Um innflutning íslenzkra afurða umfram 750 þús. dollara fer hins vegar eftir þeim almennu reglum, sem í gildi eru á Kúbu á hverjum tíma.

*Ítalía.* Hinn 24. október 1955 var undirritaður í Rómaborg viðskiptasamningur milli Íslands og Ítalíu. Gildir samningurinn frá 1. nóvember 1955 til 31. október 1956. Samningurinn gerir ráð fyrir auknum innflutningi á vörum frá Ítalíu, en undanfarin ár hefur verðmæti útflutnings til Ítalíu verið allmiklu meira en innflutnings þaðan. Hefur innflutningur á íslenzkum afurðum verið frjálst á Ítalíu, en margar ítalskar vörur hafa verið háðar innflutningshöftum hér. Samningnum fylgja tveir listar yfir ítalskar vörur. Er fyrri listinn yfir vörur, sem háðar eru innflutningshöftum, og eru helstu vörutegundir þessar: hjólbarðar, slöngur og aðrar gúmmívörur fyrir 120 þús. sterlingspund, rafmagnsvélar og áhöld fyrir 50 þús. sterlingspund, bifreiðir og bifhjól fyrir 50 þús. sterlingspund, epli fyrir 60 þús. sterlingspund, línoleum fyrir 40 þús.

sterlingspund og vefnaðarvörur fyrir 40 þús. sterlingspund.

Á síðari listanum eru taldar upp ýmsar vörur, sem Ítalir hafa áhuga á að flytja út og ekki eru háðar innflutningsleyfum á Íslandi.

#### Skráð gengi hjá Landsbanka Íslands 15. desember 1955.

Skráð frá og með:		Ein- ing	Kaup- gengi	Sölu- gengi
20/3 1950	Sterlingspund . . .	1	45,55	45,70
— —	Bandaríkjadollar . . .	1	16,26	16,32
20/10 1955	Kanadadollar . . .	1	16,34	16,40
20/3 1950	Dönsk króna . . .	100	235,50	236,30
— —	Norsk króna . . . . .	100	227,75	228,50
— —	Sænsk króna . . .	100	314,45	315,50
— —	Finnskt mark . . .	100	—	7,09
— —	Franskur franki . . .	1.000	46,48	46,63
18/8 1955	Belgískur franki . . .	100	32,80	32,90
— —	Svissn. franki . . .	100	374,80	376,00
15/12 1954	Gyllini . . . . .	100	429,70	431,10
15/8 1953	Tékknesk króna . . .	100	225,72	226,67
18/8 1955	V.-þýzkt mark . . .	100	390,00	391,30
11/7 1950	Líra . . . . .	1.000	26,04	26,12

*Gullgengi íslenzkrar krónu.* Pappírskrónan er nú 13,5328% af upphaflegu verðgildi sínu. Ein pappírskróna samsvarar nú 0,0545675 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda 100 gullkrónur 738,95 pappírskrónum.

Eina breytingin, sem orðið hefur á skráningu erlends gjaldeyris síðan gengi var síðast birt í Fjármálatíðindum, er lækkan Kanadadollars 20. október 1955. Áður var kaupgengi hans 16,50 og sölugengi 16,56.

#### Peningamarkaðurinn.

Próunin í peningamálum hefur verið mjög óhagstæð á þessu ári. Hin gífurlega útlánaaukning hefur enn haldið áfram síðustu mánuði, en jafnframt hafa sparifjárninnstæður lækkað. Út á við er aðstaða bankanna orðin mjög erfið, og eru þeir komnir í miklar skuldir við útlönd. Gjalddeyrisstaðan batnaði örlítið í október og nóvember, en hvergi nærri eins mikið og eðlilegt væri, þar sem gjalddeyristekjurnar eru yfirleitt miklar haustmánuðina vegna mikils útflut-

ings. Í nóvember var aðstaða bankanna út á við 128 millj. kr. lakari en á sama tíma á síðasta ári. Er þessi þróun bein afleiðing þeirrar ofþenslu, sem ríkt hefur í efnahagsmálum að undanfögnu.

Sé litið á reikninga seðlabankans, er tvennt sérstaklega áberandi, annars vegar versnandi gjaldeyrisstaða og hins vegar auknar skuldir viðskiptabankanna. Endurkeyptir vixlar hafa aukizt geysilega á þessu ári og voru í nóvemberlok 145 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra. Hækkunin stafar af því, að nú eru allmiklu meiri birgðir í landinu bæði af útflutningsvörum og landbúnaðarafurðum. Jafnframt hafa aðrar skuldir viðskiptabankanna við seðlabankann aukizt mjög. Í nóvemberlok voru nettóskuldir banka og sparissjóða í seðlabankanum 91 millj. kr., en aðeins 9 millj. kr. á sama tíma á síðasta ári. Er þetta mjög alvarleg þróun, sem ekki þarf aðeins að stöðva, heldur snúa algjörlega við, ef nokkur von á að vera til þess að koma gjaldeyris- og peningamálum þjóðarinnar í rétt horf.

